HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

ÁRSSKÝRSLA 2005

FINANCIAL STATEMENTS 2005

HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

ÁRSSKÝRSLA 2005

EFNISYFIRLIT

Hitaveita Suðurnesja hf 2
Skipulag og stjórn 3
Starfsmannafélag Hitaveitu Suðurnesja hf 4
Rekstur 6
Raforkukaup og raforkusala 27
Fjármál 28
Lykilstærðir 31
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar 35
Áritun endurskoðenda. 36
Rekstrarreikningur ársins 2005 37
Efnahagsreikningur 31. desember 2005 38
Eiginfjáryfirlit ársins 2005 39
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2005 40
Skýringar. 41

Endorsement by the board of directors and management 53
Auditors' Report 54
Statement of Earnings year ended December 31, 2005 55
Balance Sheet 56
Statement of change in Equity for the year 2005 57
Statement of Cash Flows for the year 2005 58
Notes to Financial Statements 59



HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Árið 2005 einkenndist aðallega af hinum umfangsmiklu virkjunarframkvæmdum á Reykjanesi og síðan af áhrifum hins nýja lagaramma fyrir raforkugeiran í landinu. Framkvæmdir við Reykjanesvirkjun voru í fullum gangi allt árið og voru boraðar 6 háhitaholur, sem voru þá orðnar 13, en tvær verða boraðar til viðbótar 2006. Byggingu stöðvarhúss lauk að mestu og túrbínurnar komnar á sinn stað og er gert ráð fyrir gangsetningu a.m.k. vélar 1 þann 1. maí og vélar 2 þá litlu síðar. Bókfærður kostnaður við virkjunina og línuframkvæmdir var á árinu tæplega 6,7 milljarðar og er þá um 9,7 milljarðar í heild frá upphafi.

Ný raforkulög voru samþykkt á Alþingi þann 14. mars 2003 og síðan var lögunum breytt með lögum nr. 89/2004 og 149/2004. Afleiðingar laganna voru m.a. um 15% hækkun hjá öllum þorra viðskiptavina fyrirtækisins þann 1. janúar 2005, en áhrif þeirra eru þó síður en svo komin fram af fullum þunga. Frá ársbyrjun máttu fyrirtæki með meira en 100 kW notkun á sama stað skipta um söluaðila en breytingar voru þó tiltölulega litlar. HS hf seldi þó 4,5 GWst til fyrirtækja utan dreifiveitusvæðis fyrirtækisins, auk 3,4 GWst til Orkuveitu Húsavíkur og 2,4 GWst ótryggðrar orku. Sala annara söluaðila á dreifiveitusvæði HS hf nam 2,1 GWst.

Í maí var undirritað samkomulag milli HS hf, Reykjanesbæjar og Norðuráls um sameiginlega athugun á möguleikum þess að byggja álver í Helguvík. Samkvæmt samkomulaginu vinnur HS hf nú að athugun á möguleikum til orkuöflunar fyrir slíkt álver og hefur m.a. þess vegna verið óskað eftir rannsóknarleyfi á tveimur mögulegum virkjunarsvæðum á Krýsuvíkursvæðinu, en fyrir hefur fyrirtækið rannsóknarleyfi í Tröllladyngju og við Sandfell.

Á árinu var ákveðið að ráðast í aukna raforkuframleiðslu í Svartsengi og var gengið frá kaupsamningi við Fuji um kaup á 30 MW hverfli. Ráðnir hafa verið hönnuðir og eftirlitsaðilar og samkvæmt áætlunum verður virkjunin gangsett fyrir árslok 2007.

Breyting varð á hluthafahóp HS hf þegar fyrirtækið keypti 0,1811% hlut Sveitarfélagsins Álftaness að nafnvirði kr. 13.496.000. Þessi hlutabréf hafa nú verið seld öðrum hluthöfum fyrirtækisins.

Upptekt úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi var mjög svipuð og árið áður eða 10,541 milljón tonna á móti 10,351 milljónum tonna 2004 eða 1,8% aukning. Niðurdæling jókst enn eða úr 3,856 milljónum tonna í 4,081 milljón tonna og var nettó upptektin því nánast óbreytt (0,5% minnkun).

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI HITAVEITU SUÐURNESJA HF

	Hitaveita	Hitaveita	Rafmagn	Rafmagn	Vatnsveita*	Vatnsveita*
Reykjanesbær	11,217	51.12%	11,217	20.31%	11,217	53.60%
Grindavík	2,624	11.96%	2,624	4.75%	2,624	12.54%
Sandgerði	1,535	7.00%	1,535	2.78%	1,535	7.34%
Garður	1,376	6.27%	1,376	2.49%	1,376	6.58%
Vogar	1,014	4.62%	1,014	1.84%	0	0.00%
	17,766	**80.97%**	**17,766**	**32.17%**	**16,752**	**80.05%**
Hafnarfjörður	0	0.00%	22,451	40.66%	0	0.00%
Garðabær (hluti)	0	0.00%	1,919	3.48%	0	0.00%
Bessastaðahreppur	0	0.00%	2,182	3.95%	0	0.00%
	0	**0.00%**	**26,552**	**48.08%**	**0**	**0.00%**
Vestmannaeyjar	4,175	19.03%	4,175	7.56%	4,175	19.95%
Árborg	0	0.00%	6,726	12.18%	0	0.00%
Alls	**21,941**	**100.00%**	**55,219**	**100.00%**	**20,927**	**100.00%**

*** Í Grindavík og Sandgerði sér HS hf eingöngu um vatnsöflunina.**

SKIPULAG OG STJÓRN

Aðalfundur Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2004 var haldinn 17. mars 2005 í Eldborg í Svartsengi. Á fundinum urðu þrjár breytingar á stjórn fyrirtækisins. Úr stjórninni gengu þeir Jón Norðfjörð, Sandgerðisbæ, Magnús Gunnarsson, Ríkissjóði og Ómar Jónsson frá Grindavíkurbæ. Í stað þeirra komu Elsa Valgeirsdóttir, Vestmannaeyjabæ, Ólöf Sveinsdóttir, Ríkissjóði og Sigmar Eðvarðsson, Grindavíkurbæ. Að loknum aðalfundi var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

Ellert Eiríksson

Formaður:	Ellert Eiriksson, Reykjanesbæ
Varaformaður:	Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ
Ritari:	Elsa Valgeirsdóttir, Vestmannaeyjum
Meðstjórnendur:	Árni Sigfússon, Reykjanesbæ
	Björn H. Guðbjörnsson, Reykjanesbæ
	Ólöf Sveinsdóttir, Ríkissjóði
	Sigmar Eðvarðsson, Grindavíkurbæ

Gunnar Svavarsson

Elsa Valgeirsdóttir

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í stjórn:	Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
	Ingimundur Guðnason, Sveitarfélaginu Garði
	Jóhann Geirdal, Reykjanesbæ
	Jón Gunnarsson, Sveitarfélaginu Vogum
	Kjartan Már Kjartansson, Ríkissjóði
	Magnea Guðmundsdóttir, Reykjanesbæ
	Magnús Gunnarsson, Hafnarfjarðarbæ

Árni Sigfússon

Björn H. Guðbjörnsson

Hlutafjáreign í Hitaveitu Suðurnesja hf skiptist þannig 31.12.2005:

Reykjanesbær	2.958.000.000	39,6790%
Hafnarfjarðarbær	1.146.852.000	15,3840%
Ríkissjóður Íslands	1.133.356.000	15,2030%
Grindavíkurbær	632.944.000	8,4904%
Vestmannaeyjabær	511.828.000	6,8657%
Sandgerðisbær	396.100.000	5,3133%
Gerðahreppur	343.944.000	4,6137%
Vatnsleysustrandarhreppur	202.300.000	2,7177%
Árborg	102.500.000	1,3750%
Kópavogur	13.496.000	0,1811%
Eigin hlutabréf	13.496.000	0,1811%
Samtals	**7.454.816.000**	**100,0000**

Ólöf Sveinsdóttir

Sigmar Eðvarðsson

Júlíus Jónsson

Albert Albertsson

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri:	Júlíus Jónsson
Aðstoðarforstjóri:	Albert Albertsson

STARFSMANNAFÉLAG HITAVEITU SUÐURNESJA hf

Starf félagsins á árinu 2005 var með hefðbundnu sniði. Félagið hefur s.l. ár lagt upp með það að hafa GAMAN SAMAN og hefur það tekist. Félagar hafa verið duglegir að taka þátt í starfi félagsins og láta sig það varða.

Hvað var að gerast

Meðal þess sem félagið stóð fyrir var árshátíð. Sú stefna hefur verið tekin hjá félaginu að vera með árshátíð tengda starfsstöðvum fyrirtækisins, þ.e. eitt árið í Vestmannaeyjum, svo á Selfossi, í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu. Það er skoðun mín að tilvalið væri að nota fimmta hvert ár til að fara með hana á erlenda grundu.

Að þessu sinni var hún haldin í Vestmannaeyjum í marsmánuði. Hátíðin var ágætlega sótt og tókst í alla staði frábærlega enda alltaf sérstök stemming að koma til Vestmannaeyja.

Í júní var félagið var með vordag í Hvammsvík í Kjós í samstarfi við GHS, Golfklúbb Hitaveitu Suðurnesja. Þar var stundað golf, veiði, sjókajak og auðvita var grillað á eftir.

Í ágúst var farið út á Reykjanes. Fyrirhugað var að hafa skoðunar gönguferð en endirinn var meira svona „skoðunar ökuferð“. Virkjunin var skoðuð, farið upp í Reykjanesvita og upp um fleiri hóla og hæðir.

Haustferðin var í september og farið í Húsadal í Þórsmörk. Ferðin tókst mjög vel, fallegt veður og frábær staður. Allir skemmtu sér vel og allir komu heilir heim.

Félagið var með grillveislu í Svartsengi í október. Boðið var upp á grill og bæjarstjóri Grindavíkinga var með hugvekju ásamt því að Breiðbandið úr Reykjanesbæ tók nokkur lög á milli gamanmáls sem þeir sögðu.

Í desember var svo jólabingó haldið í matsal Brekkustíg. Vestmanneyingar voru að sjálfsögðu með okkur í gegnum fjarfundarbúnað. Spilaðar voru 26 umferðir. Nóg var af vinningum enda fyrirtæki dugleg að gefa okkur vinninga. Jólasveinn kom í heimsókn og allir höfðu gaman af.

Sumarhúsin

Útleiga á sumarhúsinu okkar í Húsafelli var góð síðasta sumar og hefur notkun á honum stór aukist fyrir utan hefðbundinn orlofstíma. Það liggur nú fyrir að einangra þarf loft að innanverðu og klæða það aftur. Það hefur verið vandamál með að halda hita á húsinu þegar rok og frost er úti.

Félagið hefur séð um útleigu á íbúðinni á Akureyri. Hún var í útleigu allt síðasta sumar og þá hefur notkun utan orlofstíma verið þó nokkur. Farin var vinnuferð norður s.l. vor og íbúðin tekin í gegn. Skipt var um parket á herbergjum og gangi, settir nýir fataskápar og íbúðin máluð í hólf og gólf. Fyrir liggur að klára að skipta um parket á íbúðinni, taka þvottahús í gegn ofl.

Annað

Félagið hefur haldið úti heimasíðu með slóðina www.sfhs.is. Vefsíðustjóri er Gústav Daníelsson og hefur hann verið ötull við gera síðuna líflega og skemmtilega. Ég skora á alla að kíkja reglulega þangað inn og fylgjast með því hvað er á döfinni hjá félaginu.

Í lokin

Við horfum björtum augum til framtíðarinnar. Fyrirtækið og um leið félagið okkar fer ört stækkandi. Með fleiri félagsmönnum koma ný tækifæri, tækifæri til að gera enn betur.

Ég vill færa stjórn og stjórnendum fyrirtækisins þakkir fyrir mjög gott samstarf á liðnu ári og skilning á málefnum félagsins.

Lifið heil!

Víðir Sv. Jónsson, formaður SFHS

FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR 2004 - þús. kr.

Á árinu voru fjárfestingar mun meiri en árið áður og námu fjárfestingar í orkuverum og veitukerfum 7.366 m.kr. (2.286 m.kr. árið áður) og alls 7.506 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum (3.176 m.kr árið áður) og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

	Dreifikerfi rafm.	Dreifikerfi hitaveitu	Aðveitu-stöðvar	Dreifikerfi o.fl. vatnsv.	Samtals
Reykjanesbær	65.365.681	41.440.841	0	17.270.357	124.076.879
Grindavík	13.285.870	15.443.299	0	0	28.729.169
Sandgerði	3.884.564	7.018.623	0	0	10.903.187
Garður	6.254.104	4.243.953	0	4.079.641	14.577.698
Vogar	2.956.428	8.603.048	0	0	11.559.476
Hafnir	292.610	463.574	0	1.437.361	2.193.545
Flugvöllur	0	170.815	0	0	170.815
Flugstöðvarsvæði	13.217.661	9.567.182	0	0	22.784.843
Hafnarfjörður	108.971.057	0	10.703.420	0	119.674.477
Garðabær	0	0	0	0	0
Álftanes	0	0	0	0	0
Selfoss	11.277.710	0	-19.863.005	0	-8.585.295
Eyrarbakki	854.834	0	0	0	854.834
Stokkseyri	1.743.807	0	0	0	1.743.807
Vestmannaeyjar	26.898.668	8.634.657	0	12.942.099	48.475.424
	255.002.994	**95.585.992**	**-9.159.585**	**35.729.458**	**377.158.859**
Stofnæð að Vogum				56.358.801	
Dælustöð Grindavík				278.428	
Kyndistöð Vestmannaeyjum				5.370.388	
Jarðhitarannsóknir Vestmannaeyjum				133.600.222	195.607.839
220 kV lína Reykjanes - Rauðimelur				192.679.452	
132 kV lína Svartsengi - Fitjar				42.772.878	235.452.330
Borhokur og safnæðar				1.427.563.860	
Orkuver Reykjanesi				4.375.600.560	
Aðveitustöð Reykjanesi				204.442.663	
Aðveitustöð Rauðamel				71.642.768	6.079.249.851
Orkuver 6 Svartsengi				71.756.198	
Gufuaflsöflun Svartsengi				40.868.562	
Niðurdæling Svartsengi				2.175.507	
Stjórnstöð Svartsengi				7.298.533	
Orkurannsóknir Krýsuvík				2.975.258	
Orkurannsóknir Trölladyngju				950.314	
Orkurannsóknir Brennisteinsfjöllum				60.560	126.084.932
			Orkuver og veitukerfi samtals		**7.013.553.811**
Bæjarhraun 14. efri hæð				16.500.000	
Brekkustígur 36				3.851.459	
Upplýsingakerfi				8.245.405	
Verkfæri og mælar				749.159	
Tölvu- og skrifstofubúnaður				11.294.698	
Farartæki- og vinnuvélar				24.813.022	65.453.743
Hlutafé Enex hf				34.252.696	
Hlutafé Bláa lóninu hf				32.921.782	
Hlutafé NetOrka hf				6.778.743	73.953.221
			Framkvæmdir og fjárfestingar samtals		**7.152.960.775**
			Birgðir Reykjanesvirkjun		**352.873.330**
					7.505.834.105

REKSTUR

ORKUVER

FRAMLEIÐSLA HITAVEITUVATNS

Vatnsmagn frá orkuveri 2005 var 9.600.214 tonn sem er 3,78% aukning frá síðasta ári og rúmlega 25% aukning frá 1998. Varmaorkuframleiðslan var 617 GWh sem er aukning um 7,4 GWh. Mest framleiðsla var í desember eða 939.590 tonn sem jafngilda 63,43 GWh og hámarksrennsli var 19. janúar eða 379,3 l/sek. Hámarksálag einstakan dag var 21. janúar eða 97,11 MW í varma.

Vatnsnotkun að svæði Varnarliðsins var 3.396.095 tonn sem er minnkun um 360,3 þúsund tonn eða um 10,6% milli ára. Orkunotkun var um 136,53 GWh sem er minnkun um 5,2%. Mest orkunotkun var í janúar eða 15 GWh. Hámarksálag einstakan dag var 14. mars eða 25,6 MW í varma. Vatnsnotkun varnarliðsins hefur minnkað um 44,5% frá 1998 og orkunotkun hefur minnkað um 29,6%

Vatnsnotkun í byggðunum frá dælustöð á Fitjum, var 7.945.981 tonn sem er aukning um 195 þúsund tonn eða um 2,5%. Hámarksálag var 22. janúar eða 58,2 MW í varma. Vatnsnotkun í byggðum, frá dælustöð Fitjum, hefur aukist um 15% frá 1998. Vatnsnotkun til Grindavíkur var 1.446.943 tonn sem er aukning um 8,8% milli ára og er hún nú 24,6% meiri en 1998.

Vatnsnotkun að flugstöðvarsvæði var 461.353 tonn sem er um 38,8% aukning milli ára, en vatnsnotkun að flugstöðvarsvæði hefur aukist um 50% frá 1998. Heildarframleiðsla hitaveituvatns HS hf frá upphafi er nú 197.368.287 tonn sem jafngilda um 13.535 GWh. Engar marktækar breytingar hafa komið fram á efnasamsetningu upphitaðs vatns sem hitaveitan dreifir um Suðurnes frá orkuverunum í Svartsengi.

RAFORKUFRAMLEIÐSLA 2005 VAR ÞESSI:

	GWh	Nýt. st.	Nýting %
Vél 1 (AEG - 1,0 MW)	2.751	2.751	31,31%
Vél 2 (AEG - 1,0 MW)	3.948	3.948	44,95%
Vél 3 (Fuji - 6,0 MW)	46.197	7.699	87,65%
Vél 4 (Ormat - 1,2 MW)	9.196	7.664	87,24%
Vél 5 (Ormat - 1,2 MW)	7.844	6.537	74,42%
Vél 6 (Ormat - 1,2 MW)	9.910	8.259	94,02%
Vél 7 (Ormat - 1,2 MW)	7.853	6.544	74,50%
Vél 8 (Ormat - 1,2 MW)	8.318	6.932	78,92%
Vél 9 (Ormat - 1,2 MW)	8.201	6.834	77,81%
Vél 10 (Ormat - 1,2 MW)	7.704	6.420	73,09%
Vél 11 (Fuji - 30,0 MW)	255.882	8.529	97,10%
	367.805	**7.927**	**90,24%**
Vél R-1 (Terri - 0,5 MW)	2.965	5.929	67,50%
Caterpillar diesel vél	3		
	370.773	**7.906**	**90,00%**
Gufuhverfill Kölku (Helguvík)	900		
Diesel vélar Hafnarfirði	3		
Diesel vélar Eyjum	7		
	371.683	**7.925**	**90,22%**

SVARTSENGI – JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2005

Hiti og þrýstingur var mældur í gufuholum á árinu að venju og var einkum litið til þrýstibreytinga á 1.000 m dýpi. Vinnsla úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi árið 2005 var um 334 kg/s að meðaltali. Heildar upptekt úr gufuholum á svæðinu á árinu var um 10,54 milljón tonn. Til Bláa lónsins hf fóru um 955 þúsund tonn af 156°C jarðhitavökva eða um 30 l/sek að meðaltali.

Niðurdæling affallsvatns í holu SJ-17 var á árinu 4,080 milljón tonn sem eru um 130 kg/s að meðaltali allt árið og um 5% aukning frá fyrra ári. Stefnt er að því að auka niðurdælingu enn frekar. Heildar upptekt úr svæðinu frá upphafi er um 232,2 milljón tonn og heildar niðurdæling frá upphafi er 22,5 milljón tonn. Heildar nettó upptekt frá upphafi er því um 209,55 milljón tonn.

Nettó upptekt á árinu var 6,46 milljón tonn sem er örlítið minna en árið áður.

Á áratugnum 1980 til 1990 var vinnslan í Svartsengi að jafnaði um 250 kg/sek og féll þrýstingurinn um 15 bar á þessu tímabili eða um 1,5 bar á ári. Þetta eru talin dæmigerð viðbrögð fyrir vatnsríkt kerfi. Þá dró úr og féll þrýstingurinn aðeins um 5 bör frá 1990 til 2000 eða um 0,5 bar á ári. Vinnslan þessi tíu ár var heldur minni en áratuginn á undan, en meginskýringin á hægari niðurdrætti er þó talin vera vaxandi suða í jarðhita-kerfinu og aukin útbreiðsla gufupúðans. Frá og með árinu 2000 jókst vinnsla úr svæðinu í yfir 350 kg/s þegar Orkuver 5 tók til starfa. Þrýstingur snarféll við þetta og var breytingin um 3 bör á ári fram til 2002. Strax á árinu 2001 var hafin niðurdæling í holu SJ-17. Í fyrstu var einungis dælt innan við 50 l/s en í árslok 2002 var niðurdælingin aukin og var komin í 130 l/s að

ORKUVER SVARTSENGI - FRAMLEIÐSLA 1976 - 2005

	Eining	2004	2004	Breyting 2005 - 2004	Samtals 1976 - 2005
Seld raforka út á net	GWh	341,56	348,83	-2,09%	3.364,56
Eigin notkun raforku	GWh	29,22	27,81	5,06%	436,10
Samtals	**GWh**	**370,78**	**376,65**	**-1,56%**	**3.800,66**
Vatnsframleiðsla	**Tonn**	**9.600.214**	**9.250.889**	**3,78%**	**197.383.485**
Vatnsframleiðsla (orka)	**GWh**	**616,76**	**609,34**	**1,22%**	**13.535,01**
Upptekt úr jarðhitasvæði	Þús. tonn	10,541	10,347	1,88%	232,190
Niðurdæling í jarðhitasvæði	Þús. tonn	-4,081	-3,856	5,84%	-22,643
	Þús. tonn	**6,460**	**6,491**	**-0,48%**	**203,200**

ORKUÖFLUN HITAVEITU Í VESTMANNAEYJUM

	2005 KWh	2005 %	2004 KWh	2004 %	Breyting %
Raforka	51.155.820	76,89%	51.936.660	79,11%	-1,5%
Sorpeyðingarstöð	5.512.229	8,29%	6.504.709	9,91%	-15,3%
Olía	2.039.200	3,07%	355.300	0,54%	473,9%
Úrgangur	1.678.413	2,52%	1.633.600	2,49%	2,7%
Orka FES	2.544.974	3,83%	1.507.191	2,30%	68,9%
Orka FIVE	3.599.470	5,41%	3.717.015	5,66%	-3,2%
	66.530.106	**100,00%**	**65.654.475**	**100,00%**	**1,3%**

meðaltali árið 2005. Aukin niðurdæling er ástæða þess að þrýstingur stóð í stað í Svartsengi frá 2002 til 2005, enda er verg vinnsla á síðasta ári svipuð og áður en orkuver 5 fór í gang í árslok 1999. Niðurdráttur í vatnssvæði frá upphafi (1976) var orðin um 313 metrar í árslok 2005 sem er lítið breytt staða miðað við árslok 2002.

REYKJANES: JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2005

Árið 2005 var einungis hola 12 nýtt á Reykjanesi, en hún var tengd gufuveitunni í lok árs 2003. Þá voru boraðar nýjar vinnsluholur, gerðar blástursprófanir og sýni tekin.

Heildar vinnsla á árinu var um 0,943 milljón tonn, sem samsvarar meðalvinnslu um 30 kg/s. Heildarvinnsla frá upphafi úr jarðhitageyminum á Reykjanesi er orðin um 52,23 milljón tonn.

RAFORKUFRAMLEIÐSLA 2005

Rekstur véla í heild gekk vel á árinu. Frá 19. til og með 30 sept. var flutningslína Fitjar/Svartsengi tekin út vegna framkvæmda við línuskipti en það er framkvæmd sem tengist tilkomu orkuvers á Reykjanesi. Samfara því þurfti að taka út fjórar Ormatvélar á meðan. Þá var sætt lagi og 30 MW hverfill tekinn í upptekt og hreinsun, ásamt tilfallandi viðhaldi við gufuveitu og orkuver.

Framleiðsla 30 MW hverfils var um 255,88 GWst sem er 97,37% nýting. Vél 3 (6 MW) var í framleiðslu allt árið fyrir utan 12 daga sem fóru í hreinsunar- og viðhalds stopp og var nýting hennar 87,89%. Sameiginleg nýtni sjö Ormat hverfla var um 80,22% sem er um 2,5% minna en árið áður.

Heildar raforkuframleiðsla allra véla á árinu var um 371,67 GWst sem er um 1,37% minni framleiðsla en árið áður en það má að mestu rekja til vinnu við línuskipti og upptekt.

Eigin notkun orkuvers, ásamt dælustöð Fitjum og kaldavatnsveitu var samtals um 29 GWst.

TENGD HÚSNÆÐI 31.12.2005

	Íbúð. húsn. m³	Annað m³	Alls m³	%	l/mín	Íbúafjöldi 01.12.05	%	Tonn húshitun
Reykjanesbær	1.827.752	970.770	2.798.522	57,42%	11.802			190.060
Njarðvík - Flugvöllur	0	69.825	69.825	1,43%	304			0
Hafnir	18.896	1.522	20.418	0,42%	118			538
	1.846.648	**1.042.117**	**2.888.765**	**59,27%**	**12.224**	**11.346**	**63,40%**	**190.598**
Grindavík	388.949	249.834	638.783	13,11%	2.843	2.624	14,66%	125.725
Sandgerði	215.778	141.653	357.431	7,33%	1.540	1.535	8,58%	0
Sandgerði - Flugstöðvarsvæði	0	515.235	515.235	10,57%	0	0	0,00%	394.177
	215.778	**656.888**	**872.666**	**17,91%**	**1.540**	**1.535**	**8,58%**	**394.177**
Garður	199.310	71.089	270.399	5,55%	1.262	1.376	7,69%	5.228
Vogar	140.643	62.466	203.109	4,17%	922	1.014	5,67%	7.518
Alls	**2.791.328**	**2.082.394**	**4.873.722**	**100,00%**	**18.791**	**17.895**	**100,00%**	**723.246**
Varnarliðið	643.486	1.176.570	1.820.056		11.352			0
Alls	**3.434.814**	**3.258.964**	**6.693.778**		**30.143**			**723.246**
Vestmannaeyjar	398.703	240.000	638.703		0			820.322
Alls	3.833.517	3.498.964	7.332.481		30.143			1.543.568

Á Reykjanes fór um 2,47 GWst frá orkuveri, sem er mikil aukning sem skýrist vegna framkvæmda við Reykjanesvirkjun. Til viðbótar var framleiðsla Terry hverfils á Reykjanesi um 3 GWst og heildarnotkun á Reykjanesi var því um 5,4 GWst. Framleiðsla gufuhverfils við Kölku nam um 0,9 GWst.

HELSTU REKSTRARSKERÐINGAR VORU ÞESSAR

19. september til 1. október var vél 11 (30 MW hverfill) úti vegna framkvæmda við línuskipti, upptekt og viðhald og var skerðingin um 9 GWst. Fjórum sinnum var skerðing á afli vegna ýmissa truflana frá netkerfi eða smábilana þannig að draga varð úr framleiðslu tímabundið og var samtals skerðing vegna þessara smá truflana um 0,3 GWst. Heildar skerðing vegna viðhaldstíma og truflana var því um 9,3 GWst.

6. til 16. júní var vél 3 (6MW) úti vegna árlegrar upptektar og hreinsunar á hverfli og á gufuveitu. Þá var skerðing á framleiðslu frá vél 3 tímabundið vegna línuskipta frá 19. september til 1. október. Heildar skerðing framleiðslu vegna viðhaldstíma og truflana var um 2 GWst.

19. september til 1. október voru fjórir Ormat hverflar stöðvaðir vegna línuskipta. Heildar skerðing framleiðslu Fuji og Ormat hverfla vegna viðhaldstíma á árinu var um 16 GWst.

Heildar skerðing framleiðslu Fuji og Ormat hverfla á árinu miðað við uppsett afl var um 28 GWst.

K-8 nettengi rofi fór 5 sinnum út vegna truflana frá neti.

Samtals skráðar færslur um rekstrartruflanir allra véla í DMM voru um 130 talsins.

VATNSDEILD

SUÐURNES

Hitaveita

Stærsta framkvæmdin var við Vogaæð milli Innri Njarðvíkur og Voga. Þar voru endurnýjaðir um 3,9 km sem er um helmingur æðarinnar og pípan stækkuð úr 150 mm í 300 mm og 250 mm til að auka flutningsgetu.

Stærstu verk í einstökum sveitarfélögum voru;

- Reykjanesbær: Götulagnir í Tjarnarhverfi.
- Grindavík: Götulagnir í Vesturhópshverfi og einnig var stofn í Hópsbraut í vinnslu í lok ársins.
- Sandgerði: Unnið við götulögn í Lækjarmótum.
- Garður: Unnið við götulögn í Ártúni og Sóltúni.
- Vogar: Lagt í Miðdal, Heiðardal og Lyngdal.
- Flugstöðvarsvæði: Lagt í Blikavöll og Kjóavöll en þar er tvöfalt dreifikerfi.

Helstu viðhaldsverkefni voru hreinsun og sementskústun tveggja miðlunargeyma á Fitjum og á Keflavíkurflugvelli. Við Njarðvíkuræð var unnið við málun og sementskústun á hluta æðarinnar og unnið var við viðhald brunna og málun útloftana.

Áburður var borinn á þann hluta Vogaæðar sem endurnýjaður var 2003 og á Garðæð milli Garðs og Sandgerðisvegar.

Gerðar voru 3.498 verkbeiðnir, flestar vegna margvíslegrar þjónustu í vatnsdeild og hitaveitudeild eða 1.272. Þar af voru notendaskipta 992 og breytingar á vatnsskammti 370. Á árinu voru skoðaðar 2.353 grindur sem er 39% af heildarfjölda grinda en þær voru 6.007 í árslok. Í lagi reyndust 1.083 grindur eða 46% skoðaðra grinda. Bilanir í kerfi húseigenda reyndust vera 344.

Kalt vatn

Deildin tók við rekstri vatnsveitu í Sveitafélaginu Garði í upphafi árs. Helstu nýframkvæmdir voru götulagnir og tengingar húsa og voru lagðir um 5,9 km götulagna og tengd 122 hús.

Stærstu verkefni í sveitarfélögunum voru;

- Reykjanesbær: Götulagnir í Tjarnarhverfi og Guðnýjarbraut.
- Garður: Götulagnir í Ártún, Sóltún, Bjarkartún og Birkitún.

Unnið var við viðhald á 61 heimæð í eldri hverfum, þar af 39 í Keflavík, 14 í Njarðvík og 8 í Garði. Einnig voru málaðir brunahanar í Keflavík og Njarðvík. Í Höfnum voru endurnýjaðir um 300 m af stofnæð úr asbesti í plast í tengslum við breytingar á þjóðvegi.

Síðari hluta ársins var unnið að því að finna lausn á vatnsgæðamálum í Höfnum, en þar er seltumagn í neysluvatni of mikið.

VESTMANNAEYJAR

Hitaveita

Bilanir í dreifikerfi voru 13 á árinu og var yfirleitt um að ræða tærð rör vegna þess að krumpun misfórst. Gert var við nokkur inntök eins og undanfarin ár. Ekki er um skipulagt viðhald að ræða heldur er gert við þegar þurfa þykir. Þá var skipt um nokkrar lofttúður og nokkrar tröppur í brunnum.

Endurnýjaðir voru 65 rennslismælar og 7 hús sem áður voru rafkynnt tengdust hitaveitu. Sótt var um endurnýjun á starfsleyfi vegna hreinsunar á úrgangsolíu og brennslu á grunnolíu árið 2004 en endurnýjað starfsleyfi var ekki komið í lok ársins. Erfiðlega gekk að fá leyfi hjá Brunamálastofnun til að endurnýja olíutanka en.það fékkst loksins í gegn á haustdögum. Til stendur að endurnýja alla tanka árið 2006.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTUR 2005

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Reykjanes-bær	Grinda-vík	Sand-gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir	125.717	27.294	22.780	12.715	11.357	1.261	201.124
Rúmmál tengdra húsa - annað	7.630	4.378	14.578	0	8.965	0	35.551
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir	-156	0	-454	0	0	0	-610
Rúmmál aftengdra húsa - annað	0	0	0	0	0	0	0
	133.191	31.672	36.904	12.715	20.322	1.261	236.065
Sala um mæla húsh.(m^3)	190.060	125.725	394.177	5.228	7.518	538	723.246
Sala til sundlauga (m^3)	166.451	89.073	49.317	65.052	32.954	0	402.847
Sala um mæla iðn.not(m^3)	98.849	96.623	26.953	12.981	13.646	0	249.052
Sala til sérstakra iðn.nota (m^3)	8.717	19.052	-232	200.467	190.749	13.506	432.259
	464.077	330.473	470.215	283.728	244.867	14.044	1.807.404
Sala á ferskvatni (m^3) *	4.335.481	922.909	543.973	575.299	0	40.061	6.417.723
Sala um hemla 1.1.2005 l/m	11.619	2.725	1.415	1.229	835	114	17.937
Sala um hemla 31.12.2005 l/m	12.106	2.843	1.540	1.262	922	118	18.791
Viðbætur 2005 %	4,19%	4,33%	8,83%	2,69%	10,42%	3,51%	4,76%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði. Byggingar á Varnarsvæðinu sem HS hf selur beint til eru taldar með Njarðvík.
*Í Reykjanesbæ er bæði um „sölu“ og „notkun“ að ræða eftir kaup HS hf á Vatnsveitu Reykjanesbæjar. Flugvöllur er þar einnig meðtalinn.

Í apríl kom í ljós að varmaskiptar VP1 & VP2 voru orðnir hálfstíflaðir og gátu ekki unnið á fullum afköstum. Keyptar voru nýjar plötur í þá báða en töluverðan tíma tók að fá plöturnar. Af þeim sökum varð meiri brennsla á MDO olíu þetta árið. Reynt var að keyra á eins mikilli grunnolíu (hreinsuð úrgangsolía) eins og hægt var og var brennt 291,8 tonnum. Meðan olíukeyrslan fór fram varð HS hf fyrir láni í óláni. Eina nóttina hafði verið vandamál með rekstur á olíukötlunum vegna vaxmyndunar í síum og af þeim sökum voru þrír starfsmenn HS hf á staðnum. Þá gerðist það að þar sem afgasrör fyrir olíuketil 2 fer í gegnum gamlan útvegg sem nú er í miðju húsi varð eldur laus. Veggurinn er klæddur báðum megin með stálklæðningu og eldurinn var þar á milli. Tókst starfsmönnum HS hf að rjúfa klæðningu og slökkva eldinn með brunaslöngu sem þar er rétt hjá. Munaði þar sáralitlu að mikill eldur brytist út og stórtjón hlytist af.

Varnar-liðið	Samtals	Vestmanna-eyjar	Samtals
0	201.124	0	201.124
0	35.551	0	35.551
-18.832	-19.442	0	-19.442
-1.823	-1.823	0	-1.823
-20.655	215.410	0	215.410
0	723.246	820.322	1.543.568
0	402.847	0	402.847
1.334	250.386	367.325	617.711
0	432.259	0	432.259
1.334	1.808.738	1.187.647	2.996.385
0	6.417.723	682.867	7.100.590
11.888	29.825		29.825
11.352	30.143		30.143
-4,51%	1,07%		1,07%

Ákveðið var að breyta rekstri rafskautaketils eftir þetta atvik. Leiðni var lækkuð á katlinum til að hækka vatnsborð efri skálar og oftar hleypt undan katlinum og vatn endurnýjað örar. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að óhreinindi setjist í plötur varmaskipta. Endurnýjaðar voru þrjár dælur fyrir dreifikefið og hraðabreytar fengnir fyrir þær. Farið var inn í rafskautaketilinn og skipt um slitin rafskaut og allir einangrarar endurnýjaðir ásamt þéttivatnsdælu.

Eftir töluvert stapp við yfirvöld um leyfi til tilraunaborunar á Haugasvæðinu lá leyfi loks fyrir í byrjun mars og hófst borun 5. mars, sama dag og árshátíð HS hf fór fram í Vestmannaeyjum. Borinn Sleipnir boraði holuna og lauk borun 13. apríl og var dýpi hennar 2.276 metrar. Mikil vinna lenti á starfsmönnum HS hf í Vestmannaeyjum við að undirbúa komu borsins og má segja að allir starfmenn hafi verið uppteknir af þessu verkefni frá áramótum og þangað til borun hófst.

Virkja varð sjóholu á nýja hrauninu, koma upp dælubúnaði, ljósavél og leggja 2 km af 180 mm plastleiðslu að borsvæðinu. Tregða var í holunni á 90 metra dýpi og varð að fá borinn Ými til að hreinsa holuna en ekki tókst betur til en svo að Ýmir varð að koma aftur til Eyja því fyrri hreinsunin misfórst. Að lokum tókst þetta og dælt var rúmlega 100 m3/klst af góðum sjó en ekki var nóg að leiða eingöngu sjó á borsvæðið því einnig þurfti ferskt vatn. Bætt var við dælu í dæluhúsinu við vatnstank Löngulág svo dæling upp í vatnstank Hrafnaklettum yrði næg. Keypt var ný öflug dæla og 180 mm plastlögn lögð frá Hrafnaklettum á borsvæðið. Meðan á borun stóð var einnig loðnuvertíð og skapaðist af þeim sökum oft vandamál vegna vatnsnotkunar en með góðri samvinnu allra aðila gekk þetta allt upp. Niðurstöður tilraunaborunar ollu töluverðum vonbrigðum en holan gefur um 10 l/sek af 90°C heitum sjó. Um 40 l/sek hefðu fullnægt orkuþörf hitaveitunnar. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framhald holunnar.

Kalt vatn

Endurnýjaður var nýr rafmótor á dælu 3 í dælustöð Landeyjarsandi og er um að ræða 250 kW rafmótor. Einnig var hraðabreytir endurnýjaður og austurgafl dæluhúss klæddur með Steni klæðningu til að verja gaflinn fyrir sandblæstri sem fer illa með húsið.

HEMLAR OG MÆLAR

	HEMLAR			MÆLAR		
Staður	Fjöldi* 31.12.04	Breyting 2005	Fjöldi 31.12.05	Fjöldi* 31.12.04	Breyting 2005	Fjöldi 31.12.05
Reykjanesbær	3.269	60	3.329	73	4	77
Grindavík	816	14	830	55	-2	53
Sandgerði & Flugstöðvarsvæði	474	24	498	37	-2	35
Garður	448	11	459	21	0	21
Vogar	293	10	303	10	0	10
Hafnir	46	1	47	1	1	2
	5.346	**120**	**5.466**	**197**	**1**	**198**
Keflavíkurflugvöllur (USA)	283	-13	270	3	0	3
Keflavíkurflugvöllur (Ísl.)	11	0	11	0	0	0
Radarstöð H1	1	0	1	0	0	0
Fjarskiptastöð Grindavík	4	0	4	0	0	0
Keflavíkurflugvöllur	299	-13	286	3	0	3
Samtals	**5.645**	**107**	**5.752**	**200**	**1**	**201**
Vestmannaeyjar	0	0	0	1.418	10	1.428
Samtals	**5.645**	**107**	**5.752**	**1.618**	**11**	**1.629**

*Leiðrétt áramótagildi

DREIFIKERFI OG HEIMÆÐAR

	DREIFIKERFI (Pípul.)			HEIMÆÐAR (Inntök)		
	Lengd 31.12.04	Viðbætur 2005	Lengd 31.12.05	Fjöldi 31.12.04	Viðbætur 2005	Fjöldi 31.12.05
Keflavík	87.180	381	87.561	2.053	16	2.069
Grindavík	42.975	1.735	44.710	813	15	828
Njarðvík	41.883	5.336	47.219	837	98	935
Sandgerði - Rockville	28.038	947	28.985	460	18	478
Garður	26.643	614	27.257	440	17	457
Vogar o.fl.	17.898	1.143	19.041	289	11	300
Hafnir	3.028	144	3.172	46	1	47
H - 1	674	0	674	1	0	1
Flugvöllur	65.786	-628	65.158	299	-10	289
Flugstöð	4.208	1.786	5.994	13	2	15
Samtals	318.313	11.458	329.771	5.251	168	5.419
Vestmannaeyjar	70.200	300	70.500	1.434	12	1.446
Samtals	**388.513**	**11.758**	**400.271**	**6.685**	**180**	**6.865**

Heildarlengd á pípum í kerfinu á Suðurnesjum er nú 329,8 km.
Á Keflavíkurflugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi og einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispípur 1.114 metrar.
Lenging lagna í dreifikerfinu var 3,60% á árinu 2004 (var 1,41% 2004). Lenging lagna í dreifikerfinu, utan flugvallar var 4,15% á árinu 2005 (var 1,72% 2004). Viðbótarfjöldi inntaka í byggðum, utan flugvallar, var 3,56% á árinu 2005 (var 2,02% 2004).

ÝMSAR UPPLÝSINGAR UM BORHOLUR HITAVEITU SUÐURNESJA hf:

HÁHITAHOLUR

Borhola	Boruð	Dýpt	Vinnslu Fóðring	Framl. 2005 millj. t.	Framl. alls millj. t.	Niðurd. alls millj. t.	Tengd við	Athugasemdir
SVA H001	1971	262	10”	0,000	0	0		Köld hola - aldrei virkjuð.
SVA H002	1972	239	9”	0,000	0	0		Ónothæf- fyllt af steypu 1983.
SVA H003	1972	402	8”	0,000	3,853	0,000		Notkun hætt 1981; fyllt af steypu 1987.
SVA H004	1974	1.713	9 5/8”	0,000	2,214	0,000		Notkun hætt 1979; fóðring skemmd, fyllt af steypu 2000
SVA H005	1974	1.519	9 5/8”	0,000	8,388	1,508		Notkun hætt 1988; fóðring skemmd, fyllt af steypu 1993.
SVA H006	1978	1.998	9 5/8”	0,000	11,469	2,227		Notkun hætt 1990; skemmdist í hreinsiborun 1991.
SVA H007	1979	1.438	13 3/8”	1,505	37,734	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H008	1979	1.604	13 3/8”	1,550	38,891	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H009	1979	994	13 3/8”	1,515	38,787	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H010	1980	425	13 3/8”	0,907	15,651	0,000	OV-5 & 1	Gufuhola.
SVA H011	1980	1.141	13 3/8”	1,927	41,230	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H012	1981	1.488	13 3/8”	0,000	11,129	4,949		Tvífasa hola, notuð til mælinga.
SVA H013	1981	60		0,000	0	0		Höggborshola sem er ónotuð.
SVA H014	1993	612	8 5/8”	0,158	1,602	0,000	OV-1 & 5	Gufuhola sem var tengd síðla árs 1995.
SVA H015	1992	140	8 5/8”	0,000	0	0		Rannsóknarhola v/ þrýstings í gufupúða.
SVA H016	1998	448	13 3/8”	0,822	5,775	0,000	OV-5	Gufuhola sem var tengd 1999.
SVA H017	1998	1.260	13 3/8”	0,000	0	13,959		Niðurdælingahola tengd 1999
SVA H018	1998	1.855	13 3/8”	0,970	7,079	0,000	OV-5	Tvífasa hola tengd 1999.
SVA H019	1998	1.600	13 3/8”	0,855	6,633	0,000	OV-5	Tvífasa hola tengd 1999.
SVA H020	2000	430	13 3/8”	0,332	1,757	0,000	OV-5 & 1	Gufuhola tengd 2000.
SVA H021	2001	1.427	13 3/8”	0,000	0	0,000	OV-6	Tvífasa hola - verður tengd 2006
Samtals		**21.055**		**10,541**	**232,192**	**22,643**		
Niðurdæling				-4,081	-22,643			
Nettó jarðhitavinnsla				**6,460**	**209,549**			
EG -2	1982	1.265	13 3/8”					Eldvörp, notuð m.a. til túristagosa
TRÖ H001	2001	2.307	13 3/8”					Trölladyngja; tilraunahola
RNG-1	1956	162		0,00	0,000			Reykjanes; rannsóknarhola
RNG-2	1968	301		0,00	0,000			Reykjanes; rannsóknarhola
RNG-3	1968	1.166		0,00	0,000			Reykjanes; rannsóknarhola
RNG-4	1968	1.036		0,00	0,000			Reykjanes; rannsóknarhola
RNG-5	1969	127		0,00	0,000			Reykjanes; rannsóknarhola
RNG-6	1969	572		0,00	0,000			Reykjanes; rannsóknarhola
RNG-7	1969	70		0,00	0,000			Reykjanes; rannsóknarhola
RNG-8	1969	1.754	9 5/8”	0,00	20,930			Reykjanes; ónothæf - fyllt af steypu 1993
RNG-9	1983	1.445	13 3/8”	0,00	28,310		Salt.v.	Reykjanes; skemmd eftir hreinsiborun
REY H010	1999	2.054	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk febrúar 1999
REY H011	2002	2.248	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk maí 2002
REY H012	2002	2.506	13 3/8”	0,94	2,990			Reykjanes; borun lauk desember 2002
REY H013	2003	2.457	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk apríl 2003
REY H014	2004	2.306	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk janúar 2004
REY H015	2004	2.507	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk mars 2004
REY H016	2004	2.627	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk maí 2004
REY H017	2005	3.082	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk febrúar 2005
REY H018	2005	1.815	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk janúar 2005
REY H019	2005	2.248	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk mars 2005
REY H020	2005	2.126	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk maí 2005
REY H021	2005	1.713	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk nóv 2005
REY H022	2005	1.680	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk des 2005
REY H023	2006	1.924	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk mars 2006
REY H024	2006	2.115	13 3/8”	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk febrúar 2006
Samtals		**40.042**		**0,94**	**52,230**			



Á árinu var unnið við að verja eldri sjóleiðsluna. Um 20 metra kafli var klæddur með stálhlífum og sérsmíðaðir steinar settir yfir lögnina til að koma í veg fyrir hreyfingu. Neðansjávarmyndir sem teknar voru vorið 2005 sýndu að viðgerð á nýrri sjóleiðslunni, sem fóru fram 2004, hafa heppnast vel. Mikilvægt er að mynda báðar leiðslurnar árlega til að fylgjast með ástandi þeirra.

Ný dæla var tekin í notkun í dæluhúsi Skansi og er um að ræða mikla framför í flutningi vatns til Vestmannaeyja. Dælan hefur gott sog og er hraðastýrð og varð mikil aukning á flutningi vatns til Eyja með tilkomu hennar. Auk þess léttir hún á þrýstingi á sjóleiðslum og aðveitu í landi. Fluttir voru 1.019.927 m3 af vatni til Eyja árið 2005.

Í dreifikerfi vatnsveitu urðu 6 bilanir á árinu. Lögð var ný 180mm (6") leiðsla í Búastaðabraut og Birkihlíð að Túngötu. Lögð var 180mm (6") leiðsla frá dæluhúsi Löngulág að Smáragötu. Til stendur að tengja leiðsluna við Smáragötuna árið 2006 til að auka þrýsting í hverfinu.

Vatnsdæling 2002 - 2005



Nokkrir nýlegir brunahanar voru farnir að tærast. Voru þeir teknir niður, sandblásnir og lakkaðir upp á nýtt. Þá voru 3 brunahanar endurnýjaðir á árinu.

Eitt reglubundið sýni var tekið á árinu en heildarrannsókn var tekin í janúar 2005. Rannsókn sýnanna fer fram í Svíþjóð og reyndust öll sýnin fullkomlega heilnæm.

Endurnýjaðir voru 131 rennslismælar á árinu.

HITAVEITA SUÐURNESJA - RAFORKA

Sala / Notkun 2004 - 2005
KWh

	Alm.taxtar	Hitataxtar	Roft. ofl.	Afltaxtar	Samtals
Suðurnes 2005	69.385.629	3.941.631	1.604.229	53.516.861	128.448.350
Suðurnes 2004	69.996.320	3.882.595	1.640.947	55.069.380	130.589.242
Breyting %	-0,87%	1,52%	-2,24%	-2,82%	-1,64%
Hafnarfjörður 2005	90.578.157	1.354.005	7.957.404	19.300.980	119.190.546
Hafnarfjörður 2004	81.681.748	1.109.031	5.892.657	18.748.610	107.432.046
Breyting %	10,89%	22,09%	35,04%	2,95%	10,95%
Vestmannaeyjar 2005	16.570.113	6.660.152	0	16.768.742	39.999.007
Vestmannaeyjar 2004	15.929.787	6.347.081	0	16.519.230	38.796.098
Breyting %	4,02%	4,93%		1,51%	3,10%
Árborg 2005	24.876.925	644.995	712.480	15.317.686	41.552.086
Árborg sept-des 2004	7.101.630	142.041	0	6.151.922	13.395.593
Breyting %	250,30%	354,09%		148,99%	210,19%
Samtals 2005	201.410.824	12.600.783	10.274.113	104.904.269	329.189.989
Samtals 2004	174.709.485	11.480.748	7.533.604	96.489.142	290.212.979
Breyting %	15,28%	9,76%	36,38%	8,72%	13,43%
% af heild	37,80%	2,37%	1,93%	19,69%	61,79%

RAFMAGNSDEILD

SUÐURNES

Vegna mikillar og hraðrar uppbyggingar í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum hafa verkefni rafmagnsdeildar verið langt umfram áætlun á árinu. Einnig hafa verkefni við Reykjanesvirkjun orðið meiri en áætlað var. Þetta hefur leitt til þess að hægt hefur á lagfæringum eftir innri skoðanir.

Aðveita

Samhliða vírskiptum á háspennulínunni milli Svartsengis og Fitja (SF1) var hluti tengivirkisins í Fitjastöð yfirfarinn og hreinsaður ásamt inntökum rafmagns í þaki hússins. Skoðun á SF1 var einnig framkvæmd meðan spennulaust var. Skoðun var framkvæmd samkvæmt áætlun á aðveitustöð GRI C í Grindavík.

Dreifing háspennu

Lagðir voru 3.600 m af 12 kV streng á Suðurnesjum á árinu. Helstu verkefnin voru strengir í Tjarnarhverfi og Dalshverfi í Njarðvík að nýjum dreifistöðvum og strengur í nýtt hverfi í Grindavík. Nýjar og lagfærðar dreifistöðvar voru tíu, þrjár á Reykjanesi vegna kaldavatns, sjódælingar og við aðveitustöð Rauðamel, ein í Vogum, ein á flugstöðvarsvæðið, ein í Njarðvík auk endurnýjunar á fjórum dreifistöðvum, ein alveg og þrjár að hluta. Skoðanir dreifistöðva voru samkvæmt áætlun en lagfæringar eftir skoðanir hafa tafist vegna mikilla verkefna í nýframkvæmdum.

Dreifing lágspennu:

Lokið var við að endurnýjun í Hafnargötu í Keflavík. Tjarnahverfi í Njarðvík var stærsta verkefnið í dreifingu lágspennu. Helstu nýlagnir voru í Lækjamót í Sandgerði, Miðdal, Heiðardal

Varnarlið	Ótryggð sala	Kyndistöð sala	Götu-lýsing	Eigin-not	Töp o.fl.	Samtals
60.609.491	8.461.628	0	4.414.228	21.098.209	12.535.759	235.567.665
65.189.028	8.223.616	0	4.378.439	21.799.805	11.183.171	241.363.301
-7,03%	2,89%		0,82%	-3,22%	12,09%	-2,40%
0	0	0	4.698.336	0	5.772.107	129.660.989
0	0	0	4.742.817	0	6.805.422	118.980.285
			-0,94%		-15,18%	8,98%
0	15.735.880	51.353.520	976.950	0	2.871.467	110.936.824
0	13.755.977	51.014.908	989.475	0	2.375.599	106.932.057
	14,39%	0,66%	-1,27%		20,87%	3,75%
0	10.901.024	0	1.117.589	0	3.027.077	56.597.776
0	3.396.305	0	463.976	0	1.894.728	19.150.602
	220,97%		140,87%		59,76%	195,54%
60.609.491	35.098.532	51.353.520	11.207.103	21.098.209	24.206.410	532.763.254
65.189.028	25.375.898	51.014.908	10.574.707	21.799.805	22.258.920	486.426.245
-7,03%	38,31%	0,66%	5,98%	-3,22%	8,75%	9,53%
11,38%	6,59%	9,64%	2,10%	3,96%	4,54%	100,00%

og Lyngdal í Vogum, Hópshverfi og Víðigerði í Grindavík, Ártún og Sóltún í Garði.

Alls voru tengdar 260 heimtaugar á Suðurnesjum, þar af 78 vinnuheimtaugar. Skoðanir á nýjum virkjum og virkjum í rekstri hafa verið framkvæmdar samkvæmt áætlun og lagfæringar eftir þær, hafa verið framkvæmdar að hluta eftir því sem tími hefur gefist til. Einnnig voru framkvæmdar sér skoðanir varðandi þrif og minna eftirlit í aðveitustöðvum og dreifistöðvum til að fyrirbyggja bilanir.

Rekstrartruflanir á Suðurnesjum 2005:

Taka þurfti rafmagn af virkjanasvæðinu á Reykjanesi fjórum sinnum vegna framkvæmda. Rafmagnsleysi varð þrisvar á flugstöðvarsvæðinu vegna stækkunar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (FLE), en nú er búið að tengja háspennu að flugstöðvarsvæðinu framhjá FLE svo truflanir ættu að verða umfangsminni í framtíðinni. Hafnarlínu var breytt í streng við nýjan veg framhjá Höfnum, en lítið straumleysi varð vegna þess þar sem hægt var að keyra díselvélar á meðan aðgerðum stóð. Nokkrar minni afmarkaðar truflanir urðu vegna lagfæringar og stækkunar dreifikefisins.

Straumleysi vegna yfirálags varð í Garði í desember sem nú hefur verið lagfært með streng að nýrri dreifistöð. Einnig varð straumleysi í Keflavík í desember frá tveimur dreifistöðvum en með því að jafna álagi hefur það verið lagfært.

HAFNARFJÖRÐUR

Dreifing háspennu

Lagðir voru rúmlega 6.700 m af 12 kV háspennustrengjum á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2005. Helstu verkefnin voru þessi: Í Vallahverfinu í Hafnarfirði voru lagðir 430 metrar af 12 kV streng að nýrri dreifistöð við Fjóluvelli, sem sett var upp og tengd á árinu. Einnig voru lagðir um 530 m af 12 kV streng að nýrri dreifistöð sem sett var upp við Steinhellu í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni vegna aukins álags þar.

Í tengslum við endurbyggingu á Reykjanesbraut voru lagðir 1.500 metrar af 36 kV streng sem mun liggja frá aðveitustöð HS hf við Öldugötu í Hafnarfirði að fyrirhugaðri dreifistöð sem verður byggð norðan við Engidal. Einnig voru lagðir tveir 12 kV strengir, samtals 1.000 metrar, frá Reykjanesbraut að aðveitustöðinni við Öldugötu og mun annar þeirra styrkja háspennukerfið að iðnaðarhverfinu við Flatahraun og hinn strengurinn mum liggja frá Öldugötustöðinni að nýju byggingarsvæði í Urriðaholti í Garðabæ. Vegna mjög aukins álags við Dalshraun í Hafnarfirði voru lagðir um 500 m af 12 kV háspennustreng frá Stakkahrauni að nýrri dreifistöð sem sett var upp við Dalshraun í lok ársins. Vegna endurbyggingar á Vesturgötu í Hafnarfirði voru lagðir tæpleg 900 m að háspennustreng í götuna og sett upp bráðabirgða dreifistöð í stað eldri dreifistöðvar sem varð að víkja fyrir breyttu skipulagi á hafnarsvæðinu við norðurgarð. Lagður var 880 m háspennustrengur að nýju byggingarsvæði í Urriðavatnslandi í Garðabæ, ásamt því að sett var upp bráðabirgða dreifistöð vegna byggingarframkvæmda sem hófust þar á árinu 2005. Þá var lagður um 620 m háspennustrengur að væntanlegri dreifistöð við Vesturbrú í bryggjuhverfinu í Garðabæ. Ný dreifistöð var sett upp við Suðurhraun í iðnaðarhverfi Molduhrauni Garðabæ vegna aukins álags þar.

Dreifing lágspennu

Haldið var áfram lagningu dreifikerfis og tengingu heimtauga í Fjóluvelli og Fléttuvelli á Völlum í Hafnarfirði. Lagt var nýtt dreifikerfi í Vesturgötu vegna endurnýjunar á götunni og vegna fyrirhugaðra nýbygginga á Norðurbakka. Haldið var áfram lagningu dreifikerfis í Bryggjuhverfinu í Garðabæ. Unnið var við breytingu á spennu í hluta af Herjólfsgötu, þ.e. spennan hækkuð úr 3x230 voltum í 3x400 volt vegna tengingar á nýjum fjölbýlishúsum sem eru í byggingu þar. Lagðir voru nýir strengir að Flensborgarskóla vegna stækkunar skólans sem nú stendur yfir.

Samtals voru tengdar 162 aðalheimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu, sem skiptast þannig að í Hafnarfirði voru 118, í Garðabæ 22 og á Álftanesi 22 stk. Auk þess voru tengdar 84 skammtímaheimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu.

Unnið var við skoðanir og viðgerðir á dreifistöðvum og dreifikerfi tengdum þeim samkvæmt öryggisstjórnunarkerfi HS hf ásamt skoðunum á aðveitustöð HS hf við Öldugötu ásamt rafstöðvum.

Rekstartruflanir í Hafnarfirði

Þrjár rekstartruflanir urðu í Hafnarfirði árinu 2005 vegna bilana í háspennustrengjum. Fyrsta bilunin varð föstudaginn 6. maí kl. 22:15 þegar bilun varð í 12 kV streng sem liggur milli dreifistöðvar við Gjótuhraun að dreifistöð Hjallabraut I. Nokkuð margar dreifistöðvar urðu straumlausar vegna þessa en straumur var aftur komin á allar stöðvar kl. 22:45. Önnur bilunin varð miðvikudaginn 8. júní þegar 12 kV strengur, sem er milli rofa og spennis bilaði í dreifistöð Hjallabraut I. Dreifistöðin var straumlaus í tæpa fimm tíma meðan skipt var um strenginn. Þriðja bilunin varð laugardaginn 29. október um kl. 05 í 12 kV streng sem liggur að dreifistöð Frost við Reykjavíkurveg. Straumlaust var í um fimm tíma vegna þessa. Fjórar rekstartruflanir urðu vegna þess að jarðvinnuverktakar grófu í jarðstrengi. Fyrsta truflunin varð fimmtudaginn 28. júlí kl. 13:57 þegar grafið var í streng sem liggur að dreifistöð við Óseyrarbraut. Nokkrar dreifistöðvar urðu við það straumlausar en straumur var aftur kominn á kl. 14:13. Næstu þrjár truflanir urða á aðeins sex dögum. Þann 6. desember kl. 12:53 leysti út háspennurofi fyrir streng sem liggur í Fjarðargötu vegna vinnu verktaka við endurnýjunar Vesturgötu. Um hálfa klukkustund tók að koma rafmagni aftur á þær stöðvar sem urðu straumlausar, en allt Álftanesið ásamt hluta Garðabæjar varð straumlaust við þetta. Fimmtudaginn 8. desember kl. 10:05 var aftur grafið í háspennustreng, að þessu sinni á Vallarsvæðinu við nýja dreifistöð við Engjavelli. Við þetta varð straumlaust í um 30 mínútur í Hvammahverfi, Áslandshverfi og hluta Vallahverfisins. Þriðjudaginn 13. desember var síðan grafið í lágspennustreng í Klausturhvammi og urðu nokkur íbúðarhús straumlaus í tvo og hálfan tíma meðan viðgerð fór fram. Þá varð straumleysi tvisvar sinnum í hluta Garðabæjar um kl. 19 þann 12. desember í stutta stund hvert skipti, sem rakið var til rangrar liðastillingar í dreifistöðinni vegna aukins álags í stöðinni.

VESTMANNAEYJAR

Dreifing háspennu

Í dreifistöð 74 (flugstöð), 23 (Eyjaberg) og 39 (rofastöð FIVE) var gengið frá loftræstingu. Dreifistöð 34 (Vesturvegur) var máluð að utan og gengið frá nýjum þakkanti. Gengið var frá byggingu tveggja nýrra MÖRE dreifistöðva en það voru dreifistöðin v/Búastaðabraut sem kemur í stað annarrar sem var í kjallara einbýlishúss og hafði valdið íbúunum óþægindum í nokkur ár. Háspennustrengir voru framlengdir í dreifistöð Friðarhöfn. Stöðin er viðbót en það þurfti að byggja hana til að létta álagi af dreifistöð í Ísfélagi sem hefur verið að bæta við sig

VINNSLA ÚR BORHOLUM VAR EFTIRFARANDI (millj. tonn):

	2005	2004	Breyt %
HSH- 7	1,505	1,447	4,03%
HSH- 8	1,550	1,510	2,63%
HSH- 9	1,515	1,551	-2,30%
HSH-10	0,907	0,963	-5,85%
HSH-11	1,927	1,580	21,95%
HSH-12	0,000	0,000	
HSH-14	0,158	0,208	-24,18%
HSH-16	0,822	0,954	-13,85%
HSH-18	0,970	0,983	-1,32%
HSH-19	0,855	0,860	-0,60%
HSH-20	0,332	0,329	0,88%
	10,541	**10,386**	**1,49%**
HSH-5/6/12/17; niðurdæling	(4,081)	(3,856)	5,84%
Heildarvinnsla úr svæðinu	**6,460**	**6,531**	**-1,08%**

tækjum og búnaði og einnig er búist við aukningu hjá höfninni. Ýmsar lagfæringar voru gerðar á dreifistöðvum vegna skoðunar. Lagður var nýr háspennustrengur frá dreifistöð 74 (flugstöð) að 76 (Lyngfelli). Spennistöð 75 (Sæfjall) var lögð niður ásamt tengivirki við flugvöll en gamli strengurinn hefur nokkrum sinnum bilað. Framkvæmdin tengist einnig breyttri hönnun háspennukerfisins. Endurnýjaðir voru 160 sölumælar á árinu og einnig gengið frá fjaraflestri á kWst mælum hjá stórnotendum.

Dreifing lágspennu

Lokið var við að endurnýja raflagnir á Sólhlíð og Miðstræti og einnig endurnýjaðar heimtaugar á Birkihlíð að hluta. Skipt var um 9 götuskápa víða um bæinn. Áfram var unnið að endurnýjun gatnalýsingar með það að markmiði að eyða allri kvikasilfurslýsingu og er því verki lokið. Nýframkvæmd í gatnalýsingu var lýsing á Miðstræti að hluta. Einnig var unnið við lýsingu við tvo sparkvelli.

Rekstrartruflanir í Vestmannaeyjum

Háspennustrengur frá aðveitustöð I að dreifistöð 54 (Skipalyftu), sem liggur yfir höfnina var tekinn í sundur af grafskipi. Þetta kom á versta tíma þegar vertíð var í fullum gangi. Flutningsgeta strengsins sem þjónaði svæðinu var of lítil og varð að fá vél frá Selfossi til að keyra inn á kerfið. Háspennustrengur frá dreifistöð 43 (Vinnslustöð) að stöð 39 (rofastöð FIVE) bilaði í tvígang og var þá tekin ákvörðun um að endurnýja strenginn.

ÁRBORG

Dreifing háspennu

Helstu nýframkvæmdir voru þessar:

Við Ástjörn varð að grafa ofan af 2 háspennustrengjum og færa til, annan varð að stytta og hinn sem liggur að Stóra Hrauni varð að lengja um 80m vegna breytingar á skipulagi.

Dreifing lágspennu

Umfang framkvæmda hjá rafveitu var áþekkt því sem var árið 2003. Helstu nýframkvæmdir voru þessar: Lagðar voru lagnir í nýtt hverfi, Suðurbyggð B, þ.e. Kjarrhóla, Birkihóla, Grafhóla og Akurhóla eða samtals 71 lóð. Einnig voru lagðar nýlagnir í Grænumörk þ.e. lagðir 2 stk 4x240q strengir frá nýrri dreifistöð við Árveg.

Lagður var 4x240q strengur frá dreifistöð 28 við Folaldahóla um 500m í Þrastarrima og Lóurima til styrkingar á lágspennukerfinu.

Þurft hefur að styrkja lágspennukerfið síðustu ár vegna of grannra strengja sem lagðir voru á sínum tíma og aukinar raforkunotkunar í húsum.

Tengdar voru 116 heimtaugar í ný hús og 39 skammtímatengingar. Breytt var úr einfasa í þrífasa í 11 eldri húsum.

Rekstartruflanir á Árborgasvæði 2005

3. janúar var slitinn 240q 12 kV háspennustrengur við Árveg sem olli straumleysi í 20 mínútur.

7. nóvember var slitinn 240q 12 kV háspennustrengur við Gagnheiði sem olli straumleysi í 25 mínútur.

23. nóvember varð bilun í 35q CU blýstreng við Austurveg á milli dreifstöðva 1 og 3 sem orsakaði straumleysi í 35 mínútur.

Aðrar rekstrartruflanir voru minniháttar, ákveðin gerð af varhöldum var að brenna í götukössum og hefur þetta valdið okkur nokkuri vinnu og útköllum og því var skipt um 60 varhöldur til að minnka þessar bilanir.

2 götukassar og nokkrir ljósastaurar voru eyðilagðir í snjómokstri.

Aðrar framkvæmdir:

Vinna við dreifistöðvar í kjölfar skoðana frá Skoðunarstofu. Endurnýjuð voru götuljós og skipt út kínahöttum og settar upp Siteco luktir með natríum perum í staðin. Þá voru endurnýjaðir nokkrir götukassar.

INNKAUPA- OG BIRGÐADEILD

Á árinu voru erlendar vörupantanir 113 talsins sem er um 71% aukning frá fyrra ári. Heildarverðmæti innfluttra vara var um 2.369 m.kr. eða ríflega 20 földun frá fyrra ári eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Þessi mikla aukning stafar fyrst og fremst af innflutningi vegna Reykjanesvirkjunnar og þar vega gufuhverflar virkjunarinnar þyngst. Innlendar pantanir jukust einnig milli ára um tæp 8% og afgreiðslur úr birgðageymslum um rúm 20%.

Á árinu voru auglýst nítján útboð á Evrópska efnahagssvæðinu vegna Reykjanesvirkjunar, þar af þrjú verkútboð ásamt forvali á ráðgjafaþjónustu við hönnun og framkvæmdaeftirlit vegna orkuvers 6 í Svartsengi. Önnur útboð, sem auglýst voru innanlands, voru: Foreinangrað pípuefni í stærðunum DN250 og DN300 (fyrir endurnýjun Vogaæðar), endurnýjun Vogaæðar – 2. áfangi, endurnýjun safnæða í Svartsengi og ný stjórnstöð í Svartsengi sem er innréttuð í fyrrum móttökusal í þjónustubyggingunni.

Þrátt fyrir almennt góða reynslu af útboðum á Evrópska efnahagssvæðinu hefur það verið skoðun okkar að í vissum tilvikum væri nauðsynlegt að geta hagað útboðum/innkaupum á annan veg, sérstaklega þegar um er að ræða mjög sérhæfða vöru eða þjónustu. Þrátt fyrir núverandi undanþáguákvæði í lögunum er slíkt þó flókið og erfitt. Nú styttist hins vegar í að framkvæmdir við raforkuvirkjanir verði undanþegnar útboðsskyldu þar sem raforkuframleiðsla er komin í samkeppnisumhverfi með hinum nýju raforkulögum. Ekki er fyrirhuguð nein breyting á stefnu HS hf varðandi útboð og innkaup á vöru og þjónustu þrátt fyrir þessa breytingu. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að sveigjanleiki varðandi fyrirkomulag útboða eykst til muna sem við teljum vera til hagræðis og hagsbóta.

Birgðageymslur fyrirtækinsins eru fimm þ.e. í Njarðvík, Svartsengi, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Árborg. Birgðaverðir í fullu starfi eru fimm auk birgðastjóra sem nú starfar við hlið innkaupastjóra við innlend innkaup o.fl. Birgðageymsla í Árborg er skv. samningi við Selfossveitur í umsjá birgðavarðar Selfossveitna. Að auki er nú rekin birgðageymsla við Reykjanesvirkjun og er hún í umsjá birgðavarðar sem er starfsmaður Eyktar, aðalverktaka við byggingu virkjunarinnar. Þessari birgðageymslu verður lokað fyrir árslok 2006. Eins og fram kemur í töflunni hér að framan voru afgreiðslur á efni af birgðageymslum alls 7.837 á árinu eða 653 að meðaltali á mánuði. Þetta er veruleg aukning frá fyrra ári eða rúmlega 20% og er lýsandi fyrir framkvæmdagleði landans um þessar mundir. Afgreiðslur dreifast nokkuð jafnt á milli mánaða, flestar í október eða 846 og fæstar í júlí eða 478. Heildarvirði birgða í árslok, að

	Erlend innkaup						Innlend innkaup	Birgðageymslur	
Ár	Fjöldi pantana	FOB-verð m.kr.	Aðflutn. gjöld m.kr.	Flutnings kostnaður m.kr.	Tryggingar m.kr.	Samtals m.kr.	Fjöldi pantana	Fjöldi afgreiðslna	Afgreiðslur pr. mán.
2005	113	2.231,7	20,5	111,0	5,8	2.369,0	820	7837	653
2004	66	96,0	6,2	7,9	0,3	110,4	760	6512	543
2003	32	90,1	6,1	5,9	0,3	102,4	760	6050	504
2002	29	54,7	2,1	3,0	0,2	60,0	640		426
2001	32					90,0	400		
2000	36	57,3	3,7	4,2	0,2	65,4	510		
1999	74	573,8	39,3	12,4	1,7	627,2	560		
1998	84	234,4	6,3	7,8	0,7	249,2	500		
1997	64	64,1	2,7	4,8	0,3	71,9			
1996	82	116,0	10,0	6,0	0,6	132,6			

undanskyldum birgðum á Reykjanesi, var um 287 m.kr. en var um 291 m.k.r í árslok 2004.

Starfsemi innkaupastjórahóps Samorku, sem HS hf á fulltrúa í, hefur verið á svipuðum nótum og áður. Eins og greint var frá í ársskýrslu fyrir árið 2004 var ákveðið að endurtaka enn einu sinni sameiginlegt útboð á jarðstrengjum. Útboðsgögn voru að mestu unnin á árinu 2004 og útboð auglýst í byrjun árs 2005. Óskað var eftir tilboðum, annars vegar miðað við fob-afhendingu erlendis og hins vegar miðað við afhendingu af birgðageymslu birgjans á Íslandi. Í því tilviki sér birginn um innflutning og birgðahald hér heima og veiturnar eru með mun minni birgðir. Fjölmörg tilboð bárust og eftir nákvæma skoðun og samanburð tilboða var niðurstaðan sú að tilboð frá Johan Rönning í Reykjavík og Ericsson Cables í Svíþjóð var hagkvæmast. Þetta tilboð þeirra byggist á að Rönning annist innflutning og birgðahald hér heima. Samningur var undirritaður 7. apríl og eru Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur og Rafmagnsveitur Ríkisins aðilar að samningnum auk HS hf. Samningur þessi, sem nær til innkaupa á jarðstrengjum í allt að fimm ár, er tímamótasamningur enda í fyrsta sinn sem samið er við birgja um slíkt birgðahald. Innkaup á götuljósastaurum og götuljósum voru óbreytt frá fyrra ári og verða áfram á árinu 2006.

VIÐHALDSDEILD

Starfsmenn viðhaldsdeildar voru þrír á árinu eins og undanfarin ár og starfsemin með svipuðu sniði og áður. Viðhaldsdeildin annast allt viðhald og umhirðu húseigna HS hf á Suðurnesjum og að hluta einnig í Hafnarfirði. Helstu húseignir á Suðurnesjum eru skrifstofur og tækjageymsla við Brekkustíg og Bakkastíg í Njarðvík, lagerhúsnæði við Fitjabraut í Njarðvík og dælustöð á Fitjum. Í Hafnarfirði er um að ræða skrifstofuhúsnæði og tækjageymslu. Aðveitustöðvar á Suðurnesjum og í Hafnarfirði eru 14 talsins. Dreifistöðvar á Suðurnesjum eru 185 og 125 í Hafnarfirði. Viðhaldsstjóri annast öll samskipti við samningsbundna verktaka í helstu iðngreinum sem eins og undanfarin ár hafa séð um hluta af viðhaldinu, ýmsar breytingar og smærri nýframkvæmdir.

Verkefni viðhaldsdeildar voru margvísleg að venju. Lokið var við umfangsmiklar breytingar á afgreiðslusal og aðliggjandi skrifstofum á fyrstu hæð að Brekkustíg 36, svo og breytingar á skrifstofum á annarri hæð. Viðhaldsdeildin sá um samræmingu verkþátta, annaðist undirbúning, rif, hreinsun og alla smíðavinnu en einnig komu að þessu verki ýmsir verktakar úr öðrum iðngreinum. Utanhúss var unnið við endurnýjun á þakköntum og þakrennum.

Settar voru niður og gengið frá 9 nýjum dreifistöðvum á Suðurnesjum. Stöðvarnar eru settar á forsteyptar undirstöður sem starfsmenn deildarinnar byggðu. Deildin annast reglubundið þrif og viðhald í dreifistöðvum skv. ákveðinni fastri áætlun og er það eitt af megin verkefnum deildarinnar. Farið er árlega í allar aðveitu- og dreifistöðvar á Suðurnesjum.

Starfsmenn deildarinnar sáu um innréttingar og frágang á húsnæði við Reykjanesvirkjun þar sem sett var upp kynning á framkvæmdum og nýtingu jarðvarma.

Af öðrum verkefnum má nefna viðgerðir á þaki aðveitustöðvar á Fitjum ásamt rúðuskiptum, viðbyggingu við dælustöð í Gjá og umsjón og eftirlit með viðgerðum á undirstöðum Njarðvíkuræðar og hreinsun og sementskústun miðlunargeyma

UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið HS hf annast eins og nafnagiftan gefur til kynna upplýsingakerfi fyrirtækisins. Til upplýsingakerfa telst allur tölvuhugbúnaður, tölvuvélbúnaður og símabúnaður fyrirtækisins.

Það sem einkennir vinnu á upplýsingasviði fyrirtækisins líklega meira en nokkuð annað eru þau miklu samskipti sem starfsmenn þess eru í við all flesta starfsmenn fyrirtækisins. Þetta og aðkoma manna úr deildinni að mörgum verkefnum sem unnin eru í fyrirtækinu eru forréttindi sem fylgja starfinu.

Síðasta ár hefur mótast mikið af þeirri öru þróun sem á sér stað, ýmist vegna þróunar innan fyrirtækisins eða vegna boða stjórnvalda. Vegna nýrra raforkulaga hefur þurft að breyta ýmsu í upplýsingakerfum okkar og eru þau verkefni enn í gangi. Verið er að innleiða hugbúnaðarkerfi vegna opnunar á raforkumarkaði og aðlaga núverandi kerfi til að vinna verkferla fyrirtækisins með sem hagkvæmustum hætti. Við svona stórfelldar breytingar á raforkuiðnaðinum verður að gera ýmsar breytingar bæði á verklagi fyrirtækja og upplýsingakerfum þeirra. Verið er að innleiða V-Store sem er mæligagnakerfi og S-Cange sem er kerfi til að halda utanum samskipti á milli aðila sem eru á raforkumarkaði. Samskiptin á milli þátttakanda á íslenska raforkumakaðinum verða með nokkuð öðru sniði en hin norðurlöndin hafa valið þar sem allar dreifiveitur á íslandi stofnuðu fyrirtæki sem nefnist Netorka til að sjá um hluta þeirra verkefna sem skapast við þessar breytingar á raforkumarkaðinum. Meginpartur samskipta og mæligagna á milli aðila á raforkumarkaðinum mun fara um þeirra kerfi en samt sem áður þarf að samlaga kerfi allra rafdreifiveitna að kerfi Netorku. Hægt er að líkja hlutverki Netorku við nokkuð þekkt fyrirkomulag hjá bönkunum, það er reiknistofa bankanna.

En hvaða samskipti þurfa að eiga sér stað? Það sem lögin ganga út á er að gera fólki kleift að skipta við þann raforkusala sem það kýs, hægt sé að kaupa raforku af hvaða raforkusala sem er. Aftur á móti verður viðkomandi aðili ennþá að kaupa dreifingu og flutning á raforkunni af núverandi rafdreifingarfyrirtæki. Til að geta haldið utan um hvað mikið hver og einn raforkusali er að selja í hverju rafdreifikerfi þarf mikið utanumhald gagna. Kerfin sem gera upp þurfa að vita hver var að selja raforkuna í hverjum afhendingarpunkti innan hvers dreifikerfis og hvað mikið hann var „líklega“ að selja þar á hverjum klukkutíma. Vegna þessara uppgjöra þarf síðan að tilkynna alla flutninga sem eiga sér stað á fólki á milli þessara afhendingarpunkta og hvar hver aðili sem flytur er að kaupa sína orku eftir flutninginn.

Ljóst er að þetta aukna upplýsingaflæði á milli leikaðila innan markaðarins eykur vinnu og kostnað við að halda utanum rafmagnsviðskipti og hætt er við að það valdi aftur hækkun á heildar raforkuverði notenda.

Á nýju ári mun taka til starfa nýr starfsmaður hjá upplýsingasviði, þessi starfskraftur er ekki alveg ókunnugur núverandi starfsmönnum HS hf þar sem hann hefur unnið við innleiðingu núverandi upplýsingakerfa HS hf sem starfsmaður Hugbúnaðarhússins Ax.

Að öðru leyti hefur árið eins og önnur farið í hin venjubundnu verk að aðstoða notendur, endurnýja vélbúnað og uppfæra hugbúnað ásamt því að bregðast við því óvænta sem alltaf lætur á sér kræla í stóru og öflugu fyrirtæki.

TÆKNIDEILD

Orkuver 6 í Svartsengi. Unnið var að undirbúningi að orkuveri 6 í Svartsengi. Gengið var frá kaupum á 30MW gufuhverfil frá Fuji Electric Systems. Orkuver 6 er virkjun sem notar háan þrýsting gufuholanna SVA H 010, 16 og 20, en inntaksþrýstingur verður 15 bör.Við 5,7 bar þrýsting í hverflinum er rúmlega helming gufunnar hleypt yfir á vél 11 í Orkuveri 5. Restin af gufunni heldur áfram í gegnum hverfilinn niður í 0,07 bara þrýsting (93% vakúm). Einnig er haft inntak á hverflinum frá gufulögn að Ormat vélum. Það gerir að verkum að hverfillinn geti tekið við hlutverki allt að þriggja Ormat véla ef þær eru í upptekt. Hönnuðir vélarinnar hjá Fuji kalla hana kolkrabbann (tako á japönsku) vegna allra tenginganna.

Reykjanesvirkjun: Haldið var áfram vinnu við hönnunareftirlit og hönnunarrýni ásamt gerð kostnaðar- og greiðsluáætlana fyrir verkefnið. Seinnihluta ársins var einnig unnið við eftirlit og breytingastjórnun á byggingarstað.

Borholur Reykjanesi.Tæknideild hafði umsjón með prófunum á borholum á Reykjanesi. Lokið var við prófun á holum 14, 15, 18, 19 og 20. Gerð var tilraun til að mæla holu 17 en hún stíflaðist eftir að hafa blásið í eina og hálfa klukkustund.

Önnur verkefni: Gerð var útboðslýsing fyrir efniskaup vegna endurnýjunar safnæða fyrir holur 14 og 16 í Svartsengi.

STARFSMANNAHALD

Nýliðið starfsár einkenndist af miklum nýráðningum hjá fyrirtækinu. Mestar voru breytingarnar í Svartsengi en mikil umsvif eru þar vegna byggingu Reykjanesorkuvers sem rætt er um á öðrum stað í ársskýrslunni.

Í Svartsengi lét af störfum í lok ársins sökum aldurs Einar Kjartansson, aðstoðarmaður í orkuveri og í hans stað voru ráðnir Kristberg Finnbogason og Helgi Gamalíelsson. Einnig voru ráðnir í vélfræðingastöður Ólafur Ágúst Sigurðsson, Kristján Reykdal Sigurjónsson og Sigmar Örn Sigþórsson. Í gufuveitu fyrirtækisins var ráðinn Skarphéðinn Rúnar Pétursson.

Á rafmagnssviði urðu nokkrar breytingar. Í Hafnarfirði lét af störfum vegna aldurs Birgir Dagbjartsson verkstjóri og tók Bjarni Jóhannsson við hans stöðu. Í stöðu rafvirkja voru ráðnir Árni Þór Bergsson og Viðar Ben Teitsson en af störfum lét Bjarni Sæmundsson. Nokkrar breytingar urðu einnig í rafmagnsdeildinni í Njarðvík en Þorgrímur Hálfdánarson fór yfir í skrifstofudeild í aflestur og lokanir og í hans stað var ráðinn Jón Rúnar Bjarnason.

Á hitaveitusvið voru í lok ársins ráðnir þeir Rúnar Þór Sverrisson og Ingimundur Arngrímsson.

Á skrifstofu urðu einnig nokkrar breytingar í starfsmannahaldi. Sá sorglegi atburður varð í apríl að Guðmundur Árnason aflesari lést um aldur fram. Blessuð sé minning hans. Nokkrar skipulagsbreytingar urðu í þjónustudeild fyrirtækisins þegar Haukur Eiríksson tók við stöðu skrifstofustjóra, Sigurður Ólafsson tók við stöðu innheimtumanns og Sigríður Magnúsdóttir sem áður sinnti innheimtu færðist til í stöðu þjónustustjóra í Hafnarfirði. Guðrún Axelsdóttir, sem áður var í aflestri og lokunum, færðist einnig til í starfi og hóf störf í lok árs sem þjónustufulltrúi og tímabundið í hennar starf var ráðinn Sigurður B. Magnússon. Einnig var ráðinn í lok árs í stöðu þjónustufulltrúa Una Kristín Árnadóttir.

Á upplýsingatæknisviði lét af störfum Þorsteinn Jónsson, umsjónarmaður heimasíðu.

Öllum þeim starfsmönnum sem létu af störfum eru þökkuð vel unnin störf í þágu fyrirtækisins og óskað velfarnaðar í framtíðinni. Allir þeir sem hófu störf eru boðnir hjartanlega velkomnir í hópinn.

Starfsmannafjöldi Hitaveitu Suðurnesja hf er því orðinn 128 í 126,3 stöðugildum á fimm starfsstöðum.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og voru, að meðtöldum stjórnarmönnum, alls 168 manns greidd laun á árinu.

STARFSMENN OG ÞJÓNUSTA

	2005				2004			
	Fj. starfsmanna		Stöðugildi		Fj. starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn	2		2,0		2		2,0	
Fjármála- og þjónustusvið	29		27,3		27		25,3	
Orku- og markaðssvið	1		1,0		1		1,0	
Þróunar-, umhverfis- og tæknisvið	1		1,0		1		1,0	
Gæða- og starfsmannamál	1	34,0	1,0	32,3	1	32,0	1,0	30
Orkuver Svartsengi, stöðvar- og viðhaldsstjórn	2		2,0		2		2,0	
Stjórnbúnaður	2		2,0		2		2,0	
Viðhald og eftirlit	22	26,0	22,0	26,0	17	21,0	17,0	21,0
Forstöðumaður hitaveitu- og ferskvatnsdeildar	1		1,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit	17	18,0	17,0	18,0	15	16,0	15,0	16,0
Forstöðumaður rafmagnsdeildar	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun	3		3,0		3		3,0	
Tækniteiknun	3		3,0		3		3,0	
Viðhald og eftirlit	24		24,0		23		23,0	
Rafmagnsöryggismál	4		4,0		4		4,0	
Mælar	3	38,0	3,0	38,0	3	37,0	3,0	37,0
Upplýsingakerfi	2	2	2,0	2	3	3	3,0	3
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja	1		1,0		1		1,0	
Birgðavarsla	6		6,0		6		6,0	
Viðhald mannvirkja	3		3,0		3		3,0	
Mötuneyti	0		0,0		3		2,0	
Ræsting	0	10,0	0,0	10,0	2	15,0	1,5	13,5
Samtals	**128,0**		**126,3**		**124,0**		**120,8**	
Suðurnes - Njarðvík	59		59,0		61		59,5	
Suðurnes - Svartsengi	27		27,0		23		23,0	
Hafnarfjörður	23		22,5		21		20,5	
Vestmannaeyjar	15		13,8		15		13,8	
Selfoss	4	128,0	4,0	126,3	4	124,0	4,0	120,8
Samtals	**128,0**		**126,3**		**124,0**		**120,8**	

GÆÐAMÁL

Innri úttektir

Tvær innri úttektir og tvær eftiráúttekt fóru fram á síðastliðnu ári. Flestar þeirra tilheyrðu innra öryggisstjórnunarkerfi rafmagns. Í júní fór fram eftiráttekt á „VLR – Hönnun og framkvæmdir“ en úttekt á henni var framkvæmd 2004 í rafmagnsdeildinni í Hafnarfirði. Unnið hefur verið í að lagfæra þau frávik og athugssemdir sem komu fram í fyrri úttekt og í framhaldi var stofnaður hópur til að vinna að gátlistum sem tengjast verklagsreglunni. Hópurinn hefur nú skilað drögum að niðurstöðum. Verklagsreglan „Úttekt nýrra og breyttra virkja“ var tekinn út á öllum starfsstöðvum í september. Úttektin gekk mjög vel og voru mjög fá minniháttar frávik sem hafa verið lagfærð. Verklagsreglan „Skoðun dreifistöðva“ var einnig tekin út í september á Hafnarfjarðarsvæðinu. Nokkur frávik komu fram og er unnið að lagfæringum. Í nóvember var eftiráttekt á verklagsreglunni „Úttekt og afhending birgða“ og einnig „Úttekt og afhending birgða eftir lokun“. Nokkuð miklar breytingar höfðu verið gerðar á verklagsreglunni eftir síðustu úttekt og var tilgangur fundarins að yfirfara þær breytingar og gera verklagsregluna tilbúna til samþykktar.

Úttekt Innri Öryggisstjórnunarkerfi rafmagnsveitu

Að venju var gerð viðhaldsskoðun á 1/3 hluta öryggisstjórnunarkerfisins í lok ársins samkvæmt reglugerð. Áður en sú skoðun fór fram var fundað með úttektaraðila og farið yfir kerfin bæði í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Viðhaldsskoðunin fór fram í desember á vegum Rafskoðunar. Samkvæmt skoðunaráætlun voru eftirfarandi þættir skoðaðir skv. gátorðum Löggildingastofu: Hættu- og neyðarástand, Innri úttektir, Fyrirmæli til rafveitna, Kunnáttumenn og þjálfun og Skrár og skýrslur. Aðstandendur kerfisins eru ánægðir með niðurstöður úttektarinnar.

Rekstrarhandbók

Í lok ársins var gengið frá samningum við Opin Kerfi um rekstrarhandbók fyrirtækisins sem mun hýsa þau kerfi sem HS hf starfar eftir. Unnið verður að því á nýju ári að endurskipuleggja gæðahandbók fyrirtækisins, rýna skjöl og kynna nýtt kerfi fyrir starfsmönnum.

Gámes

Verkefnið gekk vel á síðasta ári. Meðal annars var fundað með fulltrúa HES um sýnatökustaði og einnig með innkaupadeild vegna umræðu um öryggislager. Á vormánuðum var send starfsleyfisumsókn til HES og í apríl lá fyrir bréf frá HES um að HS hf væri komið með starfsleyfi. Hópurinn fór að venju í gott sumarfrí og kom saman í október þar sem staðan var tekinn. Verkefninu sjálfu er nánast lokið og er verið að leggja lokahönd á nokkrar verklagsreglur og eyðublöð. Verkefni nýs árs er að koma Gámes kerfinu í nýja Rekstrarhandbók fyrirtækisins.

Starfsmannastefna

Í nóvember var stofnað nýtt gæðaverkefni „Starfsmannastefna HS“ og er það númer 38. Liðsmenn verkefnisins eru Eiríkur Bjarki Eysteinsson, Friðjón Þórarinsson, Gréta Þórðardóttir, Gústav Daníelsson, Petra Lind Einarsdóttir og Þórhildur Eva Jónsdóttir. Fyrsti fundur hópsins var haldinn 10. nóvember og eru verklok áætluð 3 mánuðum eftir upphaf verkefnis og er hópurinn á áætlun. Verkefnið var í tveimur liðum annars vegar að ljúka við drög að starfsmannastefnu sem hafa verið til nokkuð lengi og hins vegar að uppfylla lög nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla með því að leggja fram jafnréttisáætlun.

ÖRYGGISMÁL

Öryggisnefnd

Þau málefni sem öryggisnefndin fjallaði um á síðasta ári voru margvísleg. Fjallað var um öryggisbúnað á Reykjanesi og símamál í Svartsengi út frá öryggissjónarmiðum. Hengd voru upp skilti um reglur um reykingar á vinnustöðvum en reykingar eru ekki leyfðar í húsakynnum HS hf. Einnig fóru í dreifingu plaköt um skyndihjálp sem setja á í dreifistöðvar og aðra viðeigandi staði. Þrír öryggisnefndarfulltrúar fóru á námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn á vegum vinnueftirlitsins.

SKRIFSTOFA

Árið 2005 var enn eitt ár breytinga hjá HS hf, eins og reyndar öllum fyrirtækjum sem veita þjónustu við dreifingu og sölu raforku. Eðli málsins samkvæmt hafa þessar breytingar áhrif allsstaðar í fyrirtækinu og snerta ekki hvað síst starfsfólk skrifstofu með einum eða öðrum hætti.

Vinna við samtengt upplýsingakerfi K+ og Axapta hélt áfram á árinu en ekki tókst að ljúka þeim, meðal annars vegna þess að bregðast þurfti við stórfelldum breytingum á upplýsingakerfum okkar vegna nýju raforkulaganna. Sú ákvörðun að flýta samkeppni á almenna raforkusölumarkaðnum setti verulega strik í reikinginn en gildistöku þess ákvæðis sem átti að taka gildi 1. janúar 2007 var flýtt um ár.

Í ársbyrjun var ákveðið að bregðast við kröfum um aðskilnað samkeppnisþátta í fyrirtækinu og þeirra sem njóta einkaleyfisréttar. Þetta hafði meðal annars í för með sér að „rafmagnsveitum“ hjá fyrirtækinu fjölgaði um 100%. Í dag eru tvær rafmagnsveitur hjá hverjum viðskiptavini tengdar einum mæli. Það þýðir að veiturnar sem til voru eru í dag svokallaðar dreifiveitur og halda utan um dreifingu og flutning raforku til viðskiptavina, sem eru svokallaðir einkaleyfisþættir. Nýju veiturnar eru söluveitur og halda utan um selda orku, sem er komin í samkeppnisumhverfi. Það er samkvæmt þeim veitum sem hægt er að semja um orkukaup af hvaða raforkusölufyrirtæki sem er og telst því vera samkeppnishluti fyrirtækisins.

Skipulag og starfsemi tengd skrifstofu HS hf í Njarðvík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og þjónusta á Árborgasvæðinu er ávallt í endurskoðun, þar sem kappkostað er við að hafa þjónustuna skilvirka ásamt því að leitast við að jafna álag á starfstöðvar og einstaka starfsmenn.Töluverð vinna hefur verið lögð í útfærslu þjónustuborðs, starfsfólki fjölgað og störfum breytt. Þar er mikil vinna enn eftir, enda margt sem hefur haft áhrif á þróun mála í því sambandi. Mikilvirkar breytingar á orkureikningakerfi og upplýsingakerfin í heild, auk áhrifa nýrra raforkulaga, sem á þessu stigi eru ekki að fullu komin í ljós, hafa haft veruleg áhrif. Breyting á starfsfólki og fjölgun þess ásamt nýjum vinnubrögðum hefur oft reynt á þrek og þolinmæði þess.

Starfsemi skrifstofanna er í sífelldri endurskoðun, stjórnun innheimtu á öllum starfssvæðum HS hf er í Vestmannaeyjum ásamt greiðslumóttaka greiðsluseðla og rafrænnagreiðslna svo og stór hluti þjónustu á Árborgarsvæðinu. Á árinu hefur verið unnið að því að bæta innheimtuna með ýmsum ráðum.

Á vormánuðum varð nokkur breyting á innheimtu með því að orkureikningar, sem áður voru sendir út í A-gíróformi, voru lagðir af og í stað þeirra komu greiðsluseðlar. Greiðsluseðlarnir gera það m.a. að verkum að nú geta viðskiptavinir HS hf fengið orkureikninga sína upp í heimabanka og greitt þá þar. Einnig opnaðist sá möguleiki að geta prentað reikninginn út úr heimabankanum. Þetta hefur gefist vel og komið til móts við vaxandi fjölda viðskiptavina sem nota heimabanka sína við greiðslu reikninga en pappírslaus viðskipti í orkusölu eru nú orðin meira en helmingur útsendra reikninga

Skipting greiðslna eftir tegundum er þannig að tæp 48% viðskiptavina greiða orkureikninga sína með greiðsluseðlum, um 52% greiða með rafrænum hætti. Í lok árs 2004 var hlutfallið þannig að 51% greiddu með A-gíró en 49% með bein- og boðgreiðslum.

Gjaldfallnir reikningar skiptast þannig eftir gjalddögum, upphæðir í milljónum kr:



Á árinu voru uppi hugmyndir um að breyta innheimtunni í þá veru að fela innheimtufyrirtæki að taka að sér innheimtu orkureikninganna að hluta eða öllu leyti. Ákveðið var að halda óbreyttu fyrirkomulagi að mestu, en semja við Intrum um að innheimta kröfur hjá þeim viðskiptavinum sem væru ekki lengur í viðskiptum, þ.e. brottfluttum viðskiptavinum. Vegna mikils álags sem hefur verið á þjónustuaðilum innheimtukerfisins hefur ekki verið hægt að breyta kerfinu svo það vinni rétt með kerfi Intrum. Þetta verður skoðað áfram á næsta ári.

Útistandandi orkureikningar í árslok voru 489,1 m.kr. og þar af voru gjaldfallnar 132,4 m.kr. Útistandandi reikningum er skipt upp í reikninga sem HS hf á hjá núverandi viðskiptavinum-(tengdum), brottfluttum viðskiptavinum og reikninga sem eru í lögfræðilegri innheimtu.

Á komandi ári þarf að leggja enn meiri áherslu á að lækka útistandandi reikninga. Bæði er það vegna þess að HS hf hefur í gegnum tíðina þurft að afskrifa háar upphæðir vegna tapaðra krafna og eins þarf að bæta greiðsluflæðið. Þetta er hægt að gera með því að fylgja þeim verklagsreglum sem settar hafa verið upp vegna innheimtunnar en fulla sanngirni þarf eftir sem áður að sýna viðskiptavinum okkar.

Verklag í bókhaldi, skráningu og móttöku reikninga og greiðslu þeirra er óbreytt frá fyrra ári og komið í nokkuð fastar skorður.

Til upplýsingar fyrir viðskiptavini var ákveðið að birta eldri skuldir á reikningi. Ítrekunarbréfi var breytt með það að markmiði að viðskiptavinir væru betur meðvitaðir um vanskil sín.

RAFORKUKAUP OG RAFORKUSALA

Miklar breytingar urðu á öllu fyrirkomulagi raforkuviðskipta á árinu. Landsnet hf, nýstofnað flutningsfyrirtæki, gegnir nú lykilhlutverki í stjórnun raforkumarkaðsins. Fyrirtækið stillir saman innsendar áætlanir um framleiðslu inn á flutningskerfið og úttektir úr því. Hafa raforkufyrirtækin þurft að senda Landsneti áætlanir um framleiðslu allra virkjanna sinna, klukkustund fyrir klukkustund, ásamt spá um úttekt. Ef upp hefur komið mismunur á milli áætlanna og raunmælinga á hverri klukkustund ársins er sá mismunur gerður upp á verði jöfnunarorku. Þetta fyrirkomulag leiðir af sér að íslenski raforkumarkaðurinn er gerður upp 8.760 sinnum á hverju ári. Verð jöfnunarorku er síbreytilegt og tekur mið af tilboði Landsvirkjunar í þá orku. Verðið breytist eftir því hvort orkuseljendur hafi pantað of mikið af rafmagni hjá framleiðendum eða of lítið. Ef vöntun er á afli inn á kerfið þá er talað um uppreglun og verðið hækkar, mismundi eftir magni og árstíma en ef regla þarf niður er verið lágt, þ.e.a.s. það sem seljendur fá endurgreitt frá Landsvirkjun eða öðrum fyrir umframkaup. Segja má að þessi liður í opnun raforkumarkaðarins hafi tekist ágætlega burtséð frá öllum þeim kostnaði sem þessu fylgir. Uppgjör viðskiptanna gekk vel þrátt fyrir miklar skeytasendingar milli aðila með mælingar og áætlanir, nánast án allrar sjálfvirkni.

Opnað var fyrir samkeppni um raforkunotendur sem taka meira en 100 kW af afli fyrir sína starfsemi. Markaðurinn fór rólega af stað þar sem tíma tók fyrir notendur að átta sig á stöðunni og kynna sér nýtt fyrirkomulag. Stærri aðilar leituðu nokkuð eftir verðtilboðum í sín raforkukaup þegar líða fór á árið en fáir færðu sín viðskipti milli söluaðila. Mikil gagnrýni kom á fyrirkomulag þessarra mála hjá kaupendum og kvörtuðu þeir sáran undan flóknu kerfi og litlu svigrúmi til samninga sérstaklega ef viðskipti voru mikil. Eins kom fram gagnrýni frá þeim notendum sem áður höfðu keypt raforku á sértöxtum, þar sem tekið hafði verið tillit til hvernær orkan var notuð og eðli nokunar. Með uppskiptingu raforkuverðs í dreifitaxta og sölutaxta var hætt að taka tillit til eðli notkunar raforkunnar í dreifitöxtunum eða til hvers raforkan var notuð en þess í stað greitt jafnaðargjald innan dreifiveitusvæðis viðkomandi dreifiveitu. Auðveldlega er hægt að taka undir þessi sjónarmið, en í reglugerðum með raforkulögum er skýrt kveðið á um að ekki megi mismuna notendum með verðlagningu eftir eðli notkunar. Ef skoðuð er gagnrýni stærri kaupenda má auðveldlega rökstyðja lítin mun á verði til kaupenda eftir magni. Kemur í ljós að uppbygging heildsölusamninga Landsvirkjunar tekur ekkert tillit til magns orku heldur er nýting afltopps ráðandi þáttur í verðlagningunni ásamt hvort hún sé tekin að sumri eða vetri. Þetta þýðir með öðrum orðum að aðal málið er hvernig þú nýtir það afl sem sett er upp hjá þér, en ekki hve mikið þú tekur á t.d. dagtíma. Annað atriði sem hamlað hefur hvata sölufyrirtækjanna til að afla sér nýrra viðskiptavina er að heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun er hærra en raforkutaxtar sölufyrirtækjanna. Þau raforkufyrirtæki sem hafa yfir að ráða rafmagnsframleiðslu hafa notað eigin framleiðslu til að greiða niður sína taxta ef miðað er við að heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar sé leiðandi í verðlagningu heildsölurafmagns. Í ljósi þessa hefur það ekki þótt sérstaklega eftirsóknarvert að sækja í aukin viðskipti þar sem kaupa þarf viðbótarorku hjá Landsvirkjun á hærra verði en verið er að selja á. Eitthvað er þó að lifna yfir markaðnum þar sem stefnir í aukna framleiðslu umfram það sem búið er að selja til stóriðju og eru menn tilbúnir að tapa einhverju í byrjun til að hafa markað þegar nýjar framleiðslueiningar koma inn.

FJÁRMÁL

Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2005 er talsvert betri en árið áður og varð hagnaður um 1.575 m.kr. og jókst um tæplega 700 m.kr. Þessi hagnaður er nokkuð umfram áætlanir og eru á því nokkrar skýringar. Má þar m.a. nefna að fjármagnsliðir voru jákvæðar um 4 m.kr. en í áætlunum var gert fyrir að þessir liðir yrðu neikvæðir um 93 m.kr., orkusala jókst umfram áætlanir og aðrar tekjur umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir, m.a. vegna eignasölu. Rekstrargjöld voru síðan tæpleg 50 m.kr. lægri en áætlað var.

Í árslok var farið í endurskoðun á lífeyrisskuldbindingu fyrirtækisins en það hefur ekki verið gert frá því fyrirtækið varð hlutafélag 2001. Niðurstaðan var sú að skuldbindingin væri vanmetin um 415 m.kr. Samkvæmt útreikningunum voru um 86 m.kr. vegna ársins 2005 og voru þær gjaldfærðar í rekstrarreikning en 329 m.kr. voru færðar sem leiðrétting til lækkunar á öðru eigin fé. Hækkun eigin fjár fyrirtækisins var því hagnaðurinn að upphæð 1.575 m.kr. að frádreginni þessari leiðréttingu eða 1.246 m.kr. og er sú tala notuð við ákvörðun arðgreiðslu 2006.

Hagnaði fyrirtækisins hafði fram til ársins 2001 að mestu verið varið til að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins, til afborgana af lánum og til fjárfestinga í orkuveri, veitukerfum o.fl. Þá var vegna breytinga á rekstrarformi o.fl. ákveðið að greiða árlega út arð til eigenda fyrirtækisins og var ákveðið að miða við um þriðjung árlegs hagnaðar. Arðgreiðslur á þessum 6 árum nema þá samtals 2.590 m.kr. Afskriftir voru samtals 670 m.kr. sem er um 3% bókfærðs heildarverðs í árslok, en það var 22,7 milljarðar króna. Ofangreindar arðgreiðslur og miklar fjárfestingar hafa þrengt greiðslustöðu verulega og var veltufjárhlutfallið í árslok 0,71, var 0,85 í árslok 2004, 0,96 í árslok 2003, 1,08 í árslok 2002, 0,96 í árslok 2001 en 2,31 hjá HS hf í árslok 2000. Þess ber þá að geta að fjárfestingar voru miklar og sumar lánaðar vaxtalaust og þá hafði fyrirtækið gengið frá lánssamningi að upphæð um 1,5 milljarður króna.

Rekstrartekjur ársins námu alls 4.682 milljónum króna sem er um 23% hækkun í krónutölu frá árinu áður en um 18% að raungildi. Af þessari aukningu eru um 225 m.kr. vegna þess að raforkusala í Árborg var allt árið en einungis 4 mánuði árið áður. Aukningin utan Árborgar var þá 17% og um 12% að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.343,7 m.kr. af vatnssölu (28,7% en 34,2% árið áður), 2.600 m.kr. af almennri raforkusölu (55,5%), raforkusala til Landsvirkjunar 166 m.kr. (3,5%), ferskvatnssala 182,8 m.kr. (3,9%), tengigjöld 104,2 m.kr. (2,2%) og aðrar tekjur 284,3 m.kr. (6,1%). Rekstrargjöld voru 3.110 m.kr. og voru afskriftir þar af 670 m.kr. (21,5%), en fjármagnsliðir voru í heild jákvæðir um 4 m.kr. Arðsemi eigin fjár var 11,44% en á árinu áður var hún 7,62% en hagnaður á hlut 0,21 móti 0,12 árið áður.

Greiddar voru 331 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu en tekin voru lán vegna Reykjanesvirkjunar að upphæð 1.556 m.kr. hjá NIB, 754 m.kr. hjá EIB og innlend skuldabréfaútgáfa KB banka voru 3 milljarðar. Lántökur í heild námu því 5.310 m.kr. og auk þess er ótekið lánsloforð hjá EIB að upphæð um 1.500 m.kr. Langtímaskuldir í árslok eru þá, með næsta árs afborgunum, 7.619 m.kr., þar af 4.081 m.kr. í erlendri mynt (53,6%) og heildarskuldir m.kr.

Í áætlunum fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að fjárfestingar í orkuveri á Reykjanesi verði um 2,6 milljarðar, um 1 milljarður við orkuver 6 í Svartsengi og að aðrar fjárfestingar verði um 1.400 m.kr. og heildarfjárfestingar því um 5 milljarðar. Afskriftir eru áætlaðar verða um 900 m.kr., afborganir langtímaskulda u.þ.b. 330 m.kr., greiðslur til eigenda 420 m.kr. og heildartekjur eru áætlaðar verða um 5.750 milljónir auk um 550 m.kr. „millideildasölu“ (raforka frá eigin orkuveri). Gert er ráð fyrir lántökum á tæplega 4 milljarðar auk þess sem skammtímaskuldir lækki um 500 m.kr. Gjaldskrá hitaveitu hækkaði um 4% þann 1. janúar 2006 en raforka lækkaði lítillega, þrátt fyrir hækkun

á raforkuverði frá Landsvirkjun og annann aukin tilkostnað vegna raforkulaganna. Ástandið nú er mjög undarlegt því smásöluaðilar eru með gjaldskrá sem er lægri en heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar. Ástæða þess að HS hf og OR er þetta mögulegt er eigin framleiðsla fyrirtækjanna en vandséð er hvaða efnahagslegar forsendur liggja að baki hjá t.d. Rarik, en fyrirtækið lækkaði tekjur sínar af raforkusölu í upphafi samkeppni um að við áætlum 250 m.kr. Áhrif raforkulaganna eru því enn að nokkru leiti dulin og undirliggjandi almenn hækkunarþörf nokkuð augljós. Að öðru leyti er vísað til taflna og mynda hvað varðar nánari skýringar á fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Hlutfallsleg skipting tekna 2005



Vatnssala	1.343.746	Rafmagnssala eigin orkuver	468.651
Ferskvatnssala	182.791	Tengigjöld	104.220
Rafmagnssala	2.600.452	Aðrar tekjur	284.299
Rafmagnssala stóriðja	166.020	Fjármagnsliðir	4.381

Hlutfallsleg skipting gjalda 2005



Almenn rekstrargjöld	1.300.830	Afskriftir	670.016
Raforkukaup og flutningur	1.139.211	Hagnaður	1.575.852
Rafmagnssala eigin orkuver	468.651		

Uppruni fjármagns



Handbært fé	476.006	Orkuver o.fl. í byggingu	9.819.942
Skammtímakröfur	1.213.696	Hitaveitu- og ferskvatnsk.	1.895.043
Rekstrarvörubirgðir	243.624	Rafveitukerfi	4.833.454
Áhættufjárm. og langt.kröfur	573.916	Aðrir rekstrarfjármunir	920.660
Orkuver	4.627.137	Óefnislegar eignir	29.889

Ráðstöfun fjármagns



Skammtímaskuldir	2.740.043	Lífeyrisskuldbinding	920.080
Langtímaskuldir	7.201.993	Eigið fé	13.771.251

Uppruni fjármagns



Handbært fé frá rekstri	2.014.395	Tekin ný lán	5.277.071
Sala eigna	188.464	Lækkun á handbæru fé	391.989

Ráðstöfun fjármagns



Orkuver og veitukerfi	7.152.227	Afborganir langtímalána	319.258
Fjárf. í eignarhl. í öðrum fél.	58.646	Greiddur arður	330.000

LYKILSTÆRÐIR Í ÁRSSKÝRSLU

ORKUVEITA

RAFMAGNSVEITA	Suðurnes Magn	Hafnarfj. Magn	Eyjar Magn	Árborg Magn	Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700	163	13	159	1.035	km^2
Íbúar á orkuveitusvæðinu VL. 3.788	17.766	26.552	4.175	6.987	55.480	fjöldi
Heimtaugar	5.595	5.791	1.982	2.746	16.114	fjöldi
Veitur (mælitæki)	8.607	12.520	2.347	3.422	26.896	fjöldi
Götuljósastólpar	5.891	6.447	1.417	2.655	16.410	fjöldi
Götuljósastólpar, afl ljósgjafa	1.058,0	1.126,0	234,0	273,0	2.691,0	kW
Fjöldi starfsmanna	61	23	15	4	103	stöðugildi
Fjöldi ársverka	14	22,50	7	4	48	ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafl	238,4	41,0	52,5	20,0	351,9	MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafl	169,59	78,59	26,50	22,38	297,06	MVA
Lengd aðveitukerfis	159,0	3,7	1,5	0,0	164,2	km
Lengd háspennudreifikerfis	258,0	113,4	24,3	46,9	442,6	km
Lengd lágspennudreifikerfis	1.513,0	674,418	86,7	164,7	2.438,8	km
Orkuöflun alls, mesta afl	32,08	27,91	10,41	9,24	79,6	MW
Orkuöflun alls	235,6	129,7	110,9	56,6	532,8	GWh/ári
Smásala	193,5	123,9	41,0	42,7	401,0	GWh
Smásala ótrygg orka	8,5	0,0	67,1	10,9	86,5	GWh
Heildsala	150,4	0,0	0,0	0,0	150,4	GWh
Smásala (án vsk)	1.154,9	841,9	359,9	305,7	2.662,4	Mkr
Heildsala (án vsk)	184,6	0,0	0,0	0,0	184,6	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	5,72	6,80	3,33	5,71	5,46	kr/kWh
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	0,00	0,00	15,70	0,00	15,70	Mkr
Niðurgreiðslur frá Landsvirkjun	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	Mkr
Niðurgreitt magn	0,0	0,0	5.006.459	0,0	5.006.459	kWh

HITAVEITA	Suðurnes Magn	Eyjar Magn	Samtals Magn	Einingar
Fjöldi starfsmanna	61	15	76	stöðugildi
Fjöldi ársverka	11	5	16	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	150	0	150	MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	125	38	163	MW
Lengd safn- og aðveituæða	67	1,4	68,4	km
Lengd dreifikerfis	329,8	69,1	398,9	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	9.600.214	1.428.190	11.028.404	m^3/ári
Hámarksálag á árinu	97,1	14,0	111,1	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	617	66,1	682,9	GWh/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: Jarðhiti	100	0		%
Hlutfall orkuframleiðslu: Annað	0	100		%
Smásala	30.152		30.152,0	l/mín
Smásala	1.808.745	1.187.647	2.996.392	m^3
Smásala (án vsk)	1.146,7	197,6	1.344,3	Mkr
Heildsala (án vsk)	0	0,0	0,0	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	1,30			kr/kWh
Meðalverð í smásölu (án vsk)		166,35		kr/m^3
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	0	72,30	72,30	Mkr
Niðurgreitt magn	0	797.326	797.326	m^3

ÁRSREIKNINGUR
31. DESEMBER 2005

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR Á ÁRSREIKNINGINN

Ársreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf er í meginatriðum gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins fyrir árið 2004, en þó hefur framsetningu hans verið breytt á árinu og samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu og fjárhagsstöðu félagsins.

Eigið fé Hitaveitu Suðurnesja hf í ársbyrjun 2005 var lækkað um 329 millj. kr. vegna leiðréttingar á lífeyrisskuldbindingu sem hvílir á félaginu. Starfsmenn félagsins hafa meðal annars átt aðild að b-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjabæjar. Lífeyrisskuldbindingin hefur á undanförnum árum verið vanmetin í ársreikningum félagsins. Meginástæður þess eru að lífslíkur sjóðfélaga hafa hækkað, þeir hefja töku lífeyris fyrr en gert hafði verið ráð fyrir og lífeyrisgreiðslur, sem fylgja launabreytingum, hafa hækkað meira en reiknað var með. Í ársreikningum undanfarinna ára hefur ekki verið tekið tillit til þessara breytinga. Hagnaður ársins 2004 hefur verið leiðréttur og er 99 millj. kr. lægri en var samkvæmt ársreikningi 2004. Nánari grein er gerð fyrir áhrifum leiðréttinganna í skýringu 15.

Dótturfélag félagsins, Íslenska magnesíumfélagið ehf., var sameinað félaginu miðað við 1. janúar 2005.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 4.682 millj. kr. og hagnaður var 1.576 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 24.633 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 13.771 millj. kr. eða 56 % af heildarfjármagni. Þetta hlutfall var 70 % í ársbyrjun.

Hluthafar félagsins voru tíu í árslok og hafði þeim fækkað um einn frá ársbyrjun. Í árslok áttu þrír hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, en þeir eru:

Eignarhluti

Reykjanesbær	39,75%
Hafnarfjarðarbær	15,41%
Ríkissjóður	15,23%

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2006 verði greiddur 420 millj. kr. arður til hluthafa, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjórn Hitaveitu Suðurnesja hf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Njarðvík, 3. mars 2006.

STJÓRN:

FORSTJÓRI:

AÐSTOÐARFORSTJÓRI

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 34. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Njarðvík, 3. mars 2006.

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrartekjur			
Raforkusala		2.766.472	2.221.477
Hitavatnssala		1.343.746	1.298.930
Ferskvatnssala		182.791	161.040
Aðrar tekjur	1	388.519	127.080
Rekstrartekjur samtals		**4.681.528**	**3.808.527**
Rekstrargjöld			
Rekstur orkuvera		310.551	366.587
Rekstur rafveitukerfa		307.823	285.209
Raforkukaup og raforkuflutningur		1.139.211	924.116
Rekstur hitaveitukerfa		190.207	205.590
Rekstur ferskvatnskerfa		56.491	86.193
Sameiginlegur rekstrarkostnaður		435.758	491.589
Afskriftir		670.016	645.749
Rekstrargjöld samtals	**2**	**3.110.057**	**3.005.033**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.571.471	803.494
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	4.381	76.463
Hagnaður ársins		**1.575.852**	**879.957**
Hagnaður á hlut	5	0,21	0,12

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2005

	Skýr.	2005	2004
Eignir			
Rekstrarfjármunir	6	12.276.294	11.967.899
Rekstrarfjármunir í byggingu	6	9.819.942	3.463.362
Óefnislegar eignir	7	29.889	34.727
Eignarhlutir í dótturfélögum		0	17.750
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	8	409.405	376.483
Eignarhlutir í öðrum félögum	9	164.511	157.262
Fastafjármunir samtals		**22.700.041**	**16.017.483**
Birgðir		243.624	258.689
Viðskiptakröfur	10	866.287	649.693
Aðrar skammtímakröfur		347.409	191.764
Handbært fé		476.006	867.995
Veltufjármunir samtals		**1.933.326**	**1.968.141**
Eignir samtals		**24.633.367**	**17.985.624**
Eigið fé			
Hlutafé		7.454.816	7.454.816
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár		1.749.844	1.749.844
Óráðstafað eigið fé		4.566.591	3.320.739
Eigið fé samtals	**11**	**13.771.251**	**12.525.399**
Skuldir			
Lífeyrisskuldbinding	12	920.080	856.857
Vaxtaberandi skuldir	13	7.201.993	2.296.981
Langtímaskuldir samtals		**8.122.073**	**3.153.838**
Vaxtaberandi skuldir	13	386.153	339.132
Viðskiptaskuldir		2.179.541	1.826.147
Skuld við dótturfélag		0	16.250
Aðrar skammtímaskuldir		174.349	124.858
Skammtímaskuldir samtals		**2.740.043**	**2.306.387**
Skuldir samtals		**10.862.116**	**5.460.225**
Eigið fé og skuldir samtals		**24.633.367**	**17.985.624**
Ábyrgðarskuldbindingar	14		

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

EIGINFJÁRYFIRLIT ÁRSINS 2005

	Skýr.	Hlutafé	Yfirborðs-reikningur innborgaðs hlutafjár	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2004					
Eigið fé 1.1.2004		7.311.828	1.622.216	2.915.650	11.849.694
Leiðrétting vegna lífeyrisskuldbindingar	15			(229.868)	(229.868)
Eigið fé 1.1.2004, leiðrétt		7.311.828	1.622.216	2.685.782	11.619.826
Greiddur arður 2004				(245.000)	(245.000)
Hagnaður ársins 2004				879.957	879.957
Selt nýtt hlutafé 2004		142.988	127.628		270.616
Eigið fé 31.12.2004		**7.454.816**	**1.749.844**	**3.320.739**	**12.525.399**
Árið 2005					
Eigið fé 1.1.2005		7.454.816	1.749.844	3.650.078	12.854.738
Leiðrétting vegna lífeyrisskuldbindingar	15			(329.339)	(329.339)
Eigið fé 1.1.2005, leiðrétt		7.454.816	1.749.844	3.320.739	12.525.399
Greiddur arður 2005				(330.000)	(330.000)
Hagnaður ársins 2005				1.575.852	1.575.852
Eigið fé 31.12.2005		**7.454.816**	**1.749.844**	**4.566.591**	**13.771.251**

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		1.575.852	879.957
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(85.914)	(4.053)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun		63.223	99.638
Afskriftir		670.016	645.749
Verðbætur og gengismunur		6.008	(326.957)
Niðurfærsla eignarhluta		41.310	13.161
Veltufé frá rekstri		2.270.495	1.307.495
Breytingar á rekstrartengdum liðum:			
Rekstrarvörubirgðir, lækkun (hækkun)		15.065	(37.878)
Skammtímakröfur, hækkun		(372.239)	(108.943)
Skammtímaskuldir, hækkun		101.074	234.018
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(256.100)	87.197
Handbært fé frá rekstri		2.014.395	1.394.692
Fjárfestingarhreyfingar			
Greidd fjárfesting í óefnislegum eignum		0	(1.309)
Greidd fjárfesting í rekstrarfjármunum		(7.152.227)	(1.880.901)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		186.887	7.139
Keyptir eignarhlutir í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé		1.577	(15.511)
Greidd fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(58.646)	(83.350)
Söluverð seldra eignarhluta		0	8.562
Lán til dótturfélags		0	16.250
Fjárfestingarhreyfingar		(7.022.409)	(1.949.120)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(330.000)	(245.000)
Tekin ný langtímalán		5.277.071	1.820.750
Afborganir langtímalána		(331.046)	(319.258)
Fjármögnunarhreyfingar		4.616.025	1.256.492
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(391.989)	702.064
Handbært fé í ársbyrjun		867.995	165.931
Handbært fé í árslok		476.006	867.995
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir af langtímaskuldum		178.504	45.093
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Keyptir rekstrarfjármunir		(278.899)	(1.132.125)
Keyptur eignarhlutur í dótturfélagi		0	(65.616)
Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum		(22.835)	0
Selt hlutafé		0	270.616
Skammtímaskuldir		334.734	897.125
Langtímalán		0	30.000

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

SKÝRINGAR

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Hitaveita Suðurnesja hf („HS hf") er með lögheimili að Brekkustíg 36, Njarðvík. Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins þann 3. mars 2006.

a) Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Framsetningu efnahagsreiknings var breytt á árinu og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis. Breytingin hefur ekki áhrif á fjárhagsstöðu félagsins. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

b) Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

c) Tekjur

Tekjur vegna sölu á raforku og vatni eru færðar í rekstrarreikning við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

d) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánum sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, gengishagnaði og gengistapi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er tilkynnt. Hluti fjármagnsgjalda er eignfærður með orkuveri í byggingu (sjá skýringu e).

e) Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Orkuver í byggingu hjá félaginu eru færð til eignar sem rekstrarfjármunir í byggingu, á verði sem svarar til aðkeyptrar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar.

